# FRÉTTABLAÐIÐ

43. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 20. FEBRÚAR 2018




Hellidemba og hvassviðri í höfuðborginni virtist ekki hafa áhrif á þennan hóp ferðamanna sem freistaði þess að sjá norðurljós í skipulagðri rútuferð frá Hverfisgötu í gærkvöldi. Virkni norðurljósa er mæld á kvarðanum 0-9, og var í þremur þegar Fréttablaðið fór í prent í gærkvöldi. Það er því ólíklegt að ferðamennirnir hafi haft erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# MAST ekki enn tekið út kvíar Arnarlax

**Matvælastofnun (MAST) hefur enn ekki rannsakað búnað Arnarlax á Vestfjörðum þrátt fyrir að hafa fengið tilkynningu um tvö óhöpp hjá fyrirtækinu þann 12. febrúar. Segjast ætla að taka kvíarnar út „eins fljótt og unnt er“. Stofnunin hefur eftirlit með búnaði til fiskeldis.**

**FISKELDI** Matvælastofnun barst tilkynning frá Arnarlaxi mánudaginn 12. febrúar um tvö aðskilin óhöpp hjá fyrirtækinu. Annars vegar var um að ræða skemmd á sjókví Arnarlax í Tálknafirði og hins vegar tilkynnti fyrirtækið að gat hefði komið á sjókví fyrirtækisins í Arnarfirði í kjölfar óveðurs í firðinum.

Hjalti Andrason, upplýsingafulltrúi Matvælastofnunar, staðfestir að fyrirtækið hafi enn ekki tekið út kvíarnar sem um ræðir, viku eftir að stofnuninni var tilkynnt um óhöppin. „Matvælastofnun var í reglulegum samskiptum við Arnarlax eftir að tjónið kom í ljós vegna úrbóta og bíður nú skýrslu fyrirtækisins um atvikin. Matvælastofnun hefur eftirlit með búnaði fiskeldisfyrirtækja. Sjókvíarnar verða teknar út af stofnuninni eins fljótt og unnt er,“ segir Hjalti.

Arnarlax rataði í fréttir í gær þar sem sjókví er sögð hafa sokkið í Tálknafirði. Starfsmenn fyrirtækisins hafa viðurkennt að hafa siglt á kvína með fyrrgreindum afleiðingum. Víkingur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Arnarlax, segir þetta alrangt. Einn af flothringjum kvíarinnar hafi brotnað, en engin net rofnað. Enginn vafi leiki á því að fiskur hafi ekki sloppið úr kvínni.

Hætta er á, þegar gat kemur á sjókvíar, að eldislax sleppi úr kvíunum, en slíkt er flokkað sem mengunarslys. Þá getur eldislax auðveldlega blandast við villtan náttúrulegan laxastofn sem gengur í ár í nágrenni kvíanna.

Umhverfisstofnun hafði ekki heyrt af þessum óhöppum hjá Arnarlaxi fyrr en í fjölmiðlum í gær. Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, segir að ef grunur leiki á mengunarslysi verði tafarlaust að láta vita af slíku. „Skylt er að tilkynna um mengunaróhöpp samkvæmt starfsleyfi. Ef það er ekki gert telst það frávik,“ segir Björn.

Ekki náðist í Víking Kristjánsson, framkvæmdastjóra Arnarlax, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **– sa, aig**

## Björn Ingi kærir Dalsmenn

**VIÐSKIPTI** Björn Ingi Hrafnsson hefur kært nokkra forsvarsmenn eignarhaldsfélagsins Dalsins til héraðssaksóknara fyrir meint fjársvik, fjárkúgun, skjalafals og önnur skjalabrot. Í kærunni er því lýst hvernig hinir kærðu hafi beitt blekkingum og ólögmætum þvingunum til að eignast Birting. Mikil átök hafa verið í kringum eigendaskiptin og kærur hafa gengið á víxl, en Dalsmenn kærðu Björn Inga til héraðssaksóknara fyrir fjárdrátt skömmu fyrir jól. **– aá**

/ sjá bls. 6



Björn Ingi Hrafnsson.


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bjartey Sigurðardóttir skrifar um krúttlega ensku á kostnað lesskilnings. **11**

**SPORT** Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir komst í fyrsta sinn í gegnum niðurskurðinn á sterkustu mótaröð í heimi um helgina. **12**

**TÍMAMÓT** Styrktartónleikar vegna stórviðgerða á hinum steindu gluggum Kópavogskirkju eftir Gerði Helgadóttur. **14**

**LÍFIÐ** Grínistinn Ari Eldjárn mun spila á rokktónleikum á föstudaginn. **22**



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFEYRISSJÓÐIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Veður




Allhvöss suðvestanátt með slydduéljum eða éljum um landið vestanvert en hálfskýjað og sólarglennur austan til. Kólnar smám saman og frystir víðast hvar um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 16

# Tímahrakið getur verið taugatrekkjandi



Síðari hluti Reykjavíkurmóts grunnskólasveita fór fram í húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur í gærkvöldi. Keppni í flokki 1.-3. bekkjar fór fram fyrir viku en þar varð Háteigsskóli hlutskarpastur eftir harða baráttu við Rimaskóla. Rimaskóli vann örugglega í flokki 4.-7. bekkjar en hjá elstu krökkunum vann Ölduselsskóli. Ríflega fjörutíu sveitir voru skráðar til leiks og voru keppendur því alls um 200. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Áslaug og Kjartan úti

**STJÓRNMÁL** Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna samþykkti í gær drög að tillögu um lista fyrir kosningarnar. Samkvæmt heimildum er Marta Guðjónsdóttir eini sitjandi borgarstjórnarfulltrúi flokksins sem á möguleika á endurkjöri.

„Við afgreiddum þetta frá okkur en nú tekur við að hringja í fólk og kanna hvort það tekur sæti,“ segir Sveinn H. Skúlason formaður kjörnefndar. „Þegar búið er að tala við fólk verður listinn lagður fyrir fulltrúaráðið á fimmtudag.“

Heimildir herma að hvorki Áslaug Friðriksdóttir né Kjartan Magnússon séu ofarlega á lista. Hins vegar eigi Marta Guðjónsdóttir möguleika á endurkjöri taki hún sæti. Sveinn gat ekki tjáð sig um listann. „Hér eru allir bundnir eiði og segja ekki bofs.“ – jóe

## Óvissustig vegna skjálfta við Grímsey

**ALMANNAVARNIR** „Við höfum vaktað þetta af auknum þunga alla helgina og vorum með bakvakt í nótt. Það verður síðan mun fleira dagvinnufólk við vinnu í dag vegna þessa,“ segir Einar Hjörleifsson, náttúruvársérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Jörð hefur skolfið mjög við Grímsey undanfarna daga. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu rúmlega sextíu skjálftar, þrír að styrk eða sterkari, mælst við eyjuna síðasta sólarhring. Sá sterkasti var 5,2 að stærð og fjórir skjálftar voru á bilinu 4-4,5. Þá er ótalinn fjöldinn allur af minni skjálftum.

Óvissustig hefur verið lýst yfir vegna jarðskjálftahrinunnar og íbúar hafa verið beðnir um að fjarlægja þunga muni úr hillum. Jarðskjálftar eru tíðir á svæðinu. Ekki er talið að eldgos sé hafið neðansjávar í nágrenni eyjunnar. – jóe



Menntamálaráðherra opnaði nýjan vef Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið.is býður fjölskyldu til sólarlanda

**FJÖLMIÐLAR** Í tilefni þess að fréttavefur Fréttablaðsins er kominn í loftið hyggst Fréttablaðið bjóða fjölskyldu í sumarleyfi til sólarlanda. Með því að fara inn á frettabladid.is/nyskraning geta lesendur freistað gæfunnar. Vinningshafar geta valið á milli ferða til Tenerife, Almeria, Benidorm eða sett saman eigin ferð að verðmæti allt að 800 þúsund krónur þar sem allt er innifalið.

# Netflix hljóðbókanna opnað í dag á Íslandi

**Hljóðbókaveitan Storytel komin til landsins. Veitir áskrifendum ótakmarkaðan aðgang að hundruðum íslenskra hljóðbóka og tugþúsundum enskra titla beint í smáforrit. Tilkoma Storytel gæti þýtt uppgrip hjá raddfögrum við að lesa bækur.**

**VIÐSKIPTI** „Storytel er leiðandi hljóðbókaveita í Evrópu og við byrjum með nokkur hundruð íslenska titla, bæði titla sem ekki hafa komið út áður á íslensku og eldri titla, og einnig yfir 30 þúsund enskar hljóðbækur,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi, sem verður formlega opnað í dag.

Storytel er sænskt fyrirtæki með yfir hálfa milljón áskrifenda í níu löndum og hefur verið lýst ýmist sem eins konar Netflix eða Spotify fyrir bækur. Ísland verður tíunda landið sem fær aðgang að Storytel en þar greiða notendur mánaðarlegt gjald fyrir ótakmarkaðan aðgang að hljóð- og rafbókum

Stefán segir hljóðbækur ekki hafa náð flugi á Íslandi af ýmsum ástæðum en Storytel sé af annarri stærðargráðu en áður hafi þekkst hér. Markaðsrannsóknir sýni að Íslendingar vilja geta hlustað á íslenskar hljóðbækur og þeirri eftirspurn ætli Storytel að mæta.

„Þetta fer allt í gegnum smáforrit og verður því aðgengilegt og byggir á áskriftarmódeli. Við höfum aldrei haft það áður. Notendur munu geta prófað 14 daga frítt og borga svo eitt gjald á mánuði og hlustað á allar þessar bækur í þjónustunni. Þá er um að ræða nýjar tekjur fyrir réttհafa og höfunda sem munu fá greitt af því sem hlustað er á.“

Stefán segir að áskriftin muni kosta 2.690 krónur á mánuði, sem er heldur minna en til stóð fyrst en fyrirtækið ætlar að taka á sig virðisaukaskattinn í von um að stjórnvöld svari kallinu um afnám skattsins á bækur.

Úrval íslenskra hljóðbóka verður aukið verulega á næstu árum og mun útgáfuarmur Storytel framleiða um eina bók á dag auk þess sem þjónustan stendur öðrum útgefendum til boða, innlendum sem erlendum, sem vilja koma efni sínu á framfæri.

„Við erum búin að tryggja okkur réttinn á meira og minna öllum hljóðbókum sem til eru á Íslandi. Síðan höfum við setið við undanfarna mánuði og framleitt tugi bóka sem aldrei hafa komið út. Síðan, þegar fram líður, munum við framleiða 250-300 bækur á ári.“

Auk íslenskra titla verður í nánustu framtíð einnig hægt að nálgast þarna þýdda erlenda titla á íslensku.

Tilkoma Storytel gæti því þýtt uppgrip hjá leikurum og raddfögrum við að lesa allar þessar bækur þegar framleiðslan verður komin á fullt.

„Já, loksins getum við boðið upp á alvöru vinnu fyrir leikara í þessu. Við höfum verið að gefa út kannski tíu hljóðbækur út á ári undanfarin ár. En nú erum við komin með þrjú stúdíó sem eru þétt setin og leikarar koma hér og lesa.“




Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við erum búin að tryggja okkur réttinn á meira og minna öllu hljóðbókum sem til eru á Íslandi.**
>
> Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi.

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Hybrid – 50% rafdrifinn

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursegienleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Birta aðeins ferðakostnað þingmanna frá nýliðnum áramótum

**STJÓRNMÁL** Forsætisnefnd ákvað á fundi sínum í gær að upplýsingar um ferðakostnað þingmanna verði birtar á sérstökum vef. Þar verða þó einungis birtar upplýsingar um kostnað sem þingmenn hafa stofnað til frá 1. janúar 2018 en ekki lengra aftur í tímann. Þetta staðfestir Jón Þór Ólafsson, þingmaður og fulltrúi Pírata í forsætisnefnd.

Aðspurður segir Jón að á fundinum hafi ekki verið tekin endanleg afstaða til upplýsingabeiðna fjölmiðla á fundinum, en Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, hefur látið þess getið að honum sjálfum og skrifstofunni hafi borist fjöldi fyrirspurna um starfskjör þingmanna og verði beiðnum fjölmiðla um frekari upplýsingar vísað inn í vinnu forsætisnefndar.


Jón Þór Ólafsson.


Helga Vala Helgadóttir.

„Ég lýsti þeirri skoðun að rétt væri að farið yrði yfir málið frá sjónarhorni siðareglnanna og þessu var stillt upp þannig í nefndinni að skrifstofa þingsins, sem sér um framkvæmd laga og reglna um þingfararkaup og kostnað, mun gefa forsætisnefnd samantekt um málið og hvernig framkvæmdinni hefur verið háttað. Mér skilst að þetta sé sá farvegur sem forsætisnefnd myndi alltaf vísa málinu í ef það kæmi fram beiðni um að málið yrði skoðað út frá siðareglunum," segir Jón Þór.

Málið var rætt á Alþingi í gær undir liðnum um fundarstjórn forseta. Meðal þeirra sem tóku til máls var Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem spurði af hverju málið væri svo viðkvæmt. Hún svaraði því sjálf með orðunum: „Af því að það er bara verið að gefa örlítinn hluta af upplýsingunum. Við vitum hver ók mest. Við vitum núna hver ók næstmest en við höfum ekki fengið upplýsingar um hver er í þriðja, fjórða og fimmta sæti." **– aá**

## Ísland er næstöruggast fyrir nýbura

**HEILBRIGÐISMÁL** Ísland er í öðru sæti yfir þau lönd þar sem öruggast er að fæða barn. Tíðni nýburadauða hér er eitt barn á hvert þúsund. Japan skákar Íslandi sem öruggasta landið. Þar deyr einn nýburi af hverjum 1.111. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF.

Hinum megin á listanum er Pakistan en þar deyr að meðaltali eitt barn af hverjum 22. Mið-Afríkulýðveldið, Afganistan, Sómalía, Lesótó, Gínea-Bissá og Suður-Súdan raða sér í næstu sæti.

„Tíðni nýburadauða er gífurlegt áhyggjuefni, einkum meðal fátækustu ríkja heims," segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. „Í ljósi þess að meirihluti þessara dauðsfalla er fyrirbyggjanlegur þá er augljóslega verið að bregðast fátækustu börnunum og þeim sem búa á jaðri samfélaga." **– jóe**

## Mál Siðmenntar tekið fyrir á ný

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) hefur fellt úr gildi þá ákvörðun Þjóðskrár að synja Siðmennt um aðgang að netföngum skráðra félagsmanna í trúfélagið.

Þjóðskrá synjaði Siðmennt um aðganginn á þeim grundvelli að um væri að ræða persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Taldi stofnunin að ekki væri unnt að miðla upplýsingunum áfram án þess að fyrir lægi samþykki hvers og eins. Siðmennt taldi að hver og einn hefði samþykkt slíkt með því að skrá sig í félagið.

ÚNU benti á að í persónuverndarlögum væri tekið fram að þau takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt upplýsinga- og stjórnsýslulögum. Var synjunin því felld úr gildi og lagt fyrir Þjóðskrá að taka málið fyrir að nýju. **– jóe**

# Harpa og Sigur Rós skiptu með sér stórkostlegu fjárhagstjóni

35 milljóna króna fyrirframgreiðsla Hörpu ohf. til Kára Sturlusonar stefndi tónleikum Sigur Rósar í desember í hættu. Meðlimir sveitarinnar voru áhyggjufullir. Harpa og hljómsveitin neyddust til að semja um hvernig skipta ætti tapinu sem lögmaður sagði stórkostlegt tjón. Frávísunarkrafa tekin fyrir í héraði í gær.

**DÓMSMÁL** Meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar höfðu miklar áhyggjur af því þegar ljóst varð að 35 milljónir af miðasölutekjum tónleika þeirra í Hörpu í desember síðastliðnum væru horfnar og um tíma stefndi í að þeir færu jafnvel ekki fram. Þetta kom fram í máli Baldvins Björns Haraldssonar, lögmanns Hörpu ohf., við munnlegan málflutning í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í dómsal í gær var hart tekist á um frávísunarkröfu Kára Sturlusonar og félags hans, KS Productions slf., í málinu. Líkt og greint hefur verið frá stefndi Harpa tónleikahaldaranum Kára og félagi hans til endurgreiðslu á 35 milljóna fyrirframgreiðslu sem hann fékk af miðasölutekjunum og fékk kyrrsetningu á eignir hans.

Kári var ekki viðstaddur í dómsal í gær en lögmaður hans, Steinbergur Finnbogason, fór þar í löngu máli fram á frávísun með vísan í vanreifun, óskýrar kröfur og gekk svo langt að segja málatilbúnað stefnanda allan í „skötulíki".

Baldvin Björn furðaði sig á frávísunarkröfunni og má segja að hann hafi tætt hana í sig lið fyrir lið í dómsal í gær.

Í dómsal kom fram að tekjur af tónleikunum hafi í heildina numið um 80-90 milljónum króna og af þeim fjármunum hafi að sögn Baldvins Björns Harpa leyft sér á sínum tíma að greiða Kára fyrirfram 35 milljónir króna í trausti þess að hann myndi nota þá fjármuni í að undirbúa tónleikana.

Svo fór, líkt og fram hefur komið í tilkynningu Hörpu og Sigur Rósar, að samningi við Kára var rift vegna meintra vanefnda og trúnaðarbrests og hann því ekki aðili að tónleikunum lengur. Baldvin Björn lagði áherslu á að ekki væri um bótakröfu að ræða í málinu, einungis endurgreiðslu á fyrirframgreiðslunni með vísan í samning Hörpu og Kára. Lögmaðurinn sagði málið snúast um 35 milljónir sem virtust hafa „gufað upp" sem ekki sé gott fyrir eigendur Hörpu, ríki og borg. Málshöfðunin og kyrrsetning eigna hafi því verið til að tryggja endurgreiðslu enda áhöld um að Kári væri borgunarmaður.


Kári Sturluson.
Jónsi í Sigur Rós.
Svanhildur Konráðsdóttir.

Miðasölumálið varpaði dökkum skugga á viðburð Sigur Rósar í Hörpu í desember. Tekist var á um frávísunarkröfu í málinu fyrir dómi í gær.

Baldvin Björn sagði Kára hafa vikist undan áskorunum um endurgreiðslu, en lögmaður hans vildi meina að engin gögn væru lögð fram því til staðfestingar að slíkt hafi ítrekað verið reynt. Baldvin Björn sagði Kára hafa lofað því í vitna viðurvist að endurgreiða upphæðina og því verið fyllilega meðvitaður um hana. Hvort Kári og KS Productions ættu síðan kröfu vegna útlagðrar vinnu við undirbúning tónleikanna áður en kom til riftunar væri annar handleggur. Þetta tiltekna mál snerist um endurgreiðslu á hinni háu fyrirframgreiðslu.

Fram kom í dómsal að greiðslur Hörpu ohf. til Kára hafi verið gerðar í nokkrum millifærslum frá júní til ágúst í fyrra. Þó tónleikarnir hafi farið fram og þeir væru vissulega yfirstaðnir lagði Baldvin Björn áherslu á að enn vantaði 35 milljónir í uppgjörið. Um þetta gat hafi Harpa og Sigur Rós þurft að semja sérstaklega. Lögmaðurinn sagði ekki hafa verið auðvelt að ákveða hvernig menn skiptu með sér 35 milljóna króna „tapi" og um væri að ræða „stórkostlegt tjón sem væntanlega er orðið".

Forstjóri Hörpu, Svanhildur Konráðsdóttir, hefur hingað til ekki viljað tala um þessa upphæð sem tapaða og forsvarsmenn Hörpu og Sigur Rósar treysti því að fjármunirnir fáist endurgreiddir. Miðað við það sem fram kom í málflutningnum í gær hefur nokkur efi verið um það.

**mikael@frettabladid.is**

5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

SÉRTILBOÐ Á ATVINNUBÍLUM

FIAT PROFESSIONAL





**FIAT DUCATO - MILLILANGUR**
Tilboðsverð með aukahlutum frá
3.199.000 kr án vsk. / 3.966.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
5.215.000 kr. m/vsk.

**FIAT DOBLÓ**
Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk. / 2.478.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
3.225.000 kr. m/vsk.

**FIAT FIORINO**
Tilboðsverð með aukahlutum
1.699.000 kr án vsk. / 2.106.760 kr. m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
2.525.000 kr. m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat Professional - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiatprofessional.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




HYBRID

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Komdu í heimsókn og upplifðu Ignis.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Sigmundur telur stjórnvöld missa tökin á stöðunni með sölu Arion

**VIÐSKIPTI** „Það sem er að gerast núna er að stjórnvöld eru að missa tökin á stöðunni og vogunarsjóðirnir eru aftur að ná undirtökunum,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, um sölu ríkisins á þrettán prósenta eignarhlut sínum í Arion banka.

Sala ríkisins á hlut sínum byggist á samkomulagi sem ríkið gerði við kröfuhafa Kaupþings um fjármögnun Arion. Samningurinn var gerður á haustmánuðum 2009 og kveður á um kauprétt á hlutnum. Kaupverðið er fyrirfram ákveðið, 23,4 milljarðar króna. Kaupréttarheimildin rennur út á morgun. Í bréfi Bankasýslu ríkisins til fjármálaráðherra kemur fram að stofnunin telji kaupréttarverðið ásættanlegt í öllum samanburði.

Efnahags- og viðskiptanefnd þingsins fundaði í gær vegna sölunnar. Nefndarmenn fengu á fundinum aðgang að upplýsingum sem varða stöðugleikaframlög og stöðugleikaskilyrði.

„Það er ekki of seint að grípa hér inn í en það er erfiðara og óhagkvæmara en ef það hefði verið gert fyrr. Það sem er verst í þessu máli er að erlendir vogunarsjóðir verða ráðandi í stærsta banka landsins, kerfislega mjög mikilvægum banka, og geta farið með hann á þann hátt sem þeir vilja,“ segir Sigmundur.


Sigmundur Davíð og félagar hans í efnahags- og viðskiptanefnd á fundi nefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigmundur segir að ef vegferð ríkisstjórnar hans hefði verið fram haldið hefði kaupréttурinn sennilega fallið dauður niður. Aðstæður þá hefðu verið á þann veg að það hefði ekki verið eftirsóknarvert. „Ef ríkið hefði nýtt forkaupsrétt sinn á fyrri stigum hefði þessi staða ekki komið upp.

Tímasetningin nú vekur einnig athygli með hliðsjón af ákvörðunum um arðgreiðslur. Mun ríkið fá sína hlutdeild í þeim?“ spyr Sigmundur að lokum. **– jóe**

## Tölva meti þörf fyrir sjúkrabíl

**SVÍÞJÓÐ** Hjúkrunarfræðingar við neyðarlínuna í Uppsölum eiga í tilraunaskyni um tveggja ára skeið að styðjast við tölvuforrit þegar þeir meta ástand þess sem hringt er vegna og hvort þörf sé á að senda sjúkrabíl.

Þegar hringt er í neyðarlínuna á hjúkrunarfræðingur við símann að færa inn í tölvuna upplýsingar um það sem gerðist auk upplýsinga um ástand viðkomandi, mögulega sjúkdóma og sjúkdómssögu. Þessar upplýsingar mun tölvan bera saman við sambærileg gögn og reikna út hvers konar aðstoð sé nauðsynleg.

Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins er þetta í fyrsta skipti sem notast er við gervigreind á þennan hátt. **– ibs**

## Gupta-bróðir berst gegn eignafrystingu

**SUÐUR-AFRÍKA** Atul Gupta, einn þriggja Gupta-bræðra sem sæta rannsókn vegna spillingarmála og tengsla við Jacob Zuma, fyrrverandi forseta Suður-Afríku, fer fram á að kyrrsetningu eigna sinna verði aflétt. Reuters greindi frá og vitnaði í dómskjöl.

Dómstóll hafði áður fyrirskipað frystingu um 86 milljóna króna sem Gupta á inni á bankabók og var saksóknurum heimilað að frysta hundruð milljóna til viðbótar í tengslum við rannsókn á mjólkurbúi sem bræðurnir áttu að sjá um til þess að aðstoða samfélag fátækra, svartra bænda. Þeir eru hins vegar sakaðir um að hafa stungið háum fjárhæðum í eigin vasa.

Húsrannsókn var gerð heima hjá þeim Gupta-bræðrum í síðustu viku. Þeir neita þó sök í málinu, rétt eins og Zuma. **– þea**

# Segist beittur blekkingum og þvingunum af Dalsmönnum

**Björn Ingi Hrafnsson hefur kært nokkra forsvarsmenn fjárfestingafélagsins Dalsins til héraðssaksóknara fyrir meint fjársvik, fjárkúgun og ýmis skjalabrot. Segir þá hafa beitt blekkingum og ólögmætum þvingunum til að eignast Birting. Mikil átök hafa verið í kringum eigendaskiptin og kærur hafa gengið á víxl.**

**VIÐSKIPTI** Björn Ingi Hrafnsson hefur ásamt viðskiptafélaga sínum, Ægi Arnarsyni, kært forsvarsmenn Dalsins ehf., þá Árna Harðarson og Halldór Kristmannsson, og lögmann þeirra, Bjarka Diego, til héraðssaksóknara fyrir fjársvik, skilasvik og skjalabrot. Í kærunni er því lýst hvernig hinir kærðu hafi blekkt Björn Inga og Arnar til að undirrita samkomulag um riftun á kaupsamningi um alla hluti í Birtingi, undir því yfirskini að um málamyndagerning væri að ræða, en svo notað umrætt skjal til að yfirtaka kaupsamning um Birting og þann hlut, sem Pressan ehf. hafði þegar greitt fyrir, án endurgjalds með því að beita blekkingum og rangfærslu skjala, þrátt fyrir að gjaldþrot Pressunnar væri yfirvofandi og óumflýjanlegt.

Í kærunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er því lýst hvernig sú hugmynd hafi vaknað hjá Árna Harðarsyni að gera málamyndasamkomulag um riftun á kaupsamningi um Birting sem gæti gert yrði á skrifstofu Bjarka Diego lögmanns, í þeim eina tilgangi að sýna kröfuhöfum Pressunnar fram á að Pressan ætti ekki þessa eign og semja yrði um skuldir. Aldrei hafi staðið til að riftunarskjalinu yrði beitt í lögskiptum og eru tölvupóstsamskipti milli kærenda og hinna kærðu rakin í kærunni til að vitnis um það. Í svari Árna Harðarsonar við tölvupósti Björns Inga, þar sem riftunarskjalið er til umræðu, segir til dæmis:

„Eins og við ræddum áðan þá geymir Bjarki skjalið en við gætum




Björn Ingi Hrafnsson hefur kært nokkra forsvarsmenn eignarhaldsfélagsins Dalsins til héraðssaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þurft að sýna það ákveðnum aðilum og gerum það þá á skrifstofu BBA en við skulum ekki senda þetta á milli í meilum.“

Umræddur póstur var sendur 8. maí 2017. Tíu dögum síðar var starfsmönnum Pressunnar tilkynnt að kaupin hefðu gengið til baka og þann 31. maí var tilkynnt á starfsmannafundi Birtings að Dalurinn væri orðinn eigandi Birtings að öllu leyti.

Árni, Halldór og Bjarki eru einnig kærðir fyrir umboðssvik, fjársvik og skjalafals með því að hafa, eftir að kaupsamningnum var rift og um leið fallið frá lánveitingu Dalsins til Pressunnar, fargað lánssamningnum en ekki þeim tryggingabréfum sem gefin voru út af DV ehf. og Vefpressunni ehf. til tryggingar á efndum lánssamningsins. Þeir hafi blekkt Björn Inga og þóst hafa fargað tryggingabréfunum en í stað þess látið þinglýsa þeim í lausafjárbók Vefpressunnar, þrátt fyrir að lánið sem þau áttu að tryggja hafi aldrei verið veitt.

Þá er Árni Harðarson einnig kærður fyrir fjárkúgun eða aðra ólögmæta þvingun með því að hafa þvingað Björn Inga til að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir 50 milljóna láni Aziq fjárfestinga til Kringluturnsins. Um það hafi verið gerður nýr lánssamningur þar sem Dalurinn var lánveitandi en Björn Ingi þvingaður til að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu sem skilyrði fyrir því að ofangreindum tryggingabréfum yrði aflétt, þrátt fyrir að Björn Ingi tengdist hvorki umræddu láni né tryggingabréfum með nokkrum hætti.

Mikil ólga hefur umlukið eignarhald DV, Vefpressunnar og Birtings undanfarin misseri og kærur ganga á víxl en Fréttablaðið sagði frá því skömmu fyrir jól að forsvarsmenn Dalsins hefðu kært Björn Inga Hrafnsson til héraðssaksóknara fyrir fjárdrátt. Ekki náðist í hina kærðu forsvarsmenn Dalsins við vinnslu fréttarinnar.

aðalheidur@frettabladid.is

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is
HEKLA

# Hrifinn af auknu eftirliti með byssum

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, styður áform um að krefjast ítarlegri bakgrunnsrannsókna á þeim sem ætla að kaupa sér skotvopn. Þetta kom fram í yfirlýsingu frá forsetaembættinu þar í landi í gær.

Trump ræddi við John Cornyn, öldungadeildarþingmann Repúblikana, um þverpólitískt frumvarp sem Cornyn lagði til í fyrra, að því er kemur fram í yfirlýsingunni. Frumvarpið gekk út á að auka eftirlit með að lögum og reglum um skotvopnasölu yrði fylgt.

„Þótt viðræður séu enn í gangi og enn sé verið að skoða mögulegar lagfæringar á frumvarpinu styður forsetinn vinnu við að bæta umræddar bakgrunnsrannsóknir,“ sagði Sarah Huckabee Sanders, fjölmiðlafulltrúi forseta, í gær.


Donald Trump, forseti Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Eins og er reiðir kerfið sem unnið er eftir, NICS, sig á að opinberir starfsmenn tilkynni um fyrri afbrot og geðheilsuvandamál mögulegra skotvopnakaupenda. Það kerfi var harðlega gagnrýnt á síðasta ári þegar bandaríski flugherinn játaði þau mistök sín að hafa ekki vakið athygli á heimilisofbeldisdómi manns sem skaut 26 til bana í kirkju í Sutherland Springs í Texas. **– þea**




AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK

**FIMM RÉTTA HÁTÍÐARSEÐILL**
15. FEBRÚAR TIL 15. MARS
*6.990 kr. sun-fim | 7.490 kr. fös-lau*

552-1630
AUSTURINDIA.IS

# Merkel finnur arftaka sinn í Saarlandi

**Forsætisráðherra Saarlands nýtur stuðnings kanslarans sem vill að hún verði aðalritari Kristilegra demókrata. Því starfi gegndi Angela Merkel áður en hún varð kanslari. Merkel svarar engu um framtíðina og segist ætla að einbeita sér að deginum í dag.**



Angela Merkel og Annegret Kramp-Karrenbauer á góðri stund. Sú síðarnefnda hefur oft verið nefnd sem mögulegur arftaki Angelu Merkel. NORDICPHOTOS/AFP

**ÞÝSKALAND** Annegret Kramp-Karrenbauer, forsætisráðherra í Saarlandi, einu af minnstu sambandsríkjum Þýskalands, hefur lengi verið orðuð við að verða arftaki Angelu Merkel kanslara í þýskum stjórnmálum.

Þýskir miðlar hafa kallað hana „Mini-Merkel“ og hún er vinsæl innan raða flokks þeirra, Kristilegra demókrata (CDU), eftir kosningasigur í Saarlandi í fyrra þar sem CDU jók meirihluta sinn þrátt fyrir að útlit væri fyrir að Jafnaðarmannaflokkurinn (SPD) bæri sigur úr býtum.

Nú virðist enn líklegra að Kramp-Karrenbauer sé væntanlegur arftaki Merkel en kanslarinn lýsti í gær yfir stuðningi við hana í baráttunni um aðalritarastól flokksins. Frá þessu greindu fjölmargir þýskir miðlar.

Peter Tauber, fráfarandi aðalritari, segir af sér í dag og sagði Deutsche Welle að hann hafi tekið þá ákvörðun vegna baráttu sinnar við alvarleg veikindi. Fyrir það þvertóku þó heimildarmenn DPA og sögðu veikindi ekki ástæðuna.

Kjörtímabili Taubers átti að ljúka í desember næstkomandi en nú er útlit fyrir að eftirmaður hans verði valinn á flokksþingi þann 26. febrúar næstkomandi. Á þinginu munu flokksmenn jafnframt greiða atkvæði um hvort mynda eigi ríkisstjórn með SPD en samkomulag náðist á milli flokkanna fyrr í mánuðinum eftir margra mánaða stjórnarkreppu. Nokkur óánægja er sögð ríkja í flokknum með samkomulagið, einkum vegna þess að SPD fær fjármálaráðuneytið.

Óánægja með samkomulagið og væntanlegt samstarf er einnig greinileg á meðal jafnaðarmanna. Martin Schulz, þáverandi leiðtogi flokksins, sagði á kosninganótt í ljósi afhroðsins sem flokkurinn galt í kosningum síðasta árs að flokkurinn yrði í stjórnarandstöðu á kjörtímabilinu. Schulz gekk á bak orða sinna eftir mánaðalanga stjórnarkreppu og komst að samkomulagi við CDU um áframhaldandi samstarf hins svokallaða stórbandalags.

Óljóst er hvort SPD samþykkir samstarf við CDU. Atkvæðagreiðsla um samstarfið hefst í dag á meðal nærri 500.000 flokksmanna SPD og greiða þeir atkvæði með pósti. Líklegt þykir að samstarfið verði samþykkt.

Bild am Sonntag greindi frá því um helgina að 26 af þeim 35 borgarstjórum sem SPD á í stórum borgum og bæjum styðji samstarfið. Þá sýndi könnun Kantar Emnid á föstudag að tveir af hverjum þremur styddu samstarfið.

Nú mælist Jafnaðarmannaflokkurinn með um sextán prósenta fylgi ef marka má könnun Forsa frá því á föstudag. Svo lítið fylgi hefur flokkurinn ekki fengið í kosningum frá því 1887 þegar hann fékk 10,1 prósent greiddra atkvæða, að undanskildum þeim tvennu kosningum á síðustu öld þar sem nasistar voru einir í framboði.

Merkel lagði til á fundi framkvæmdastjórnar flokksins í gær að Kramp-Karrenbauer yrði nýr aðalritari og samkvæmt heimildarmanni Reuters af fundinum var einróma stuðningur við þá hugmynd kanslarans. Þykir því líklegt að Kramp-Karrenbauer verði valin aðalritari á flokksþinginu.

„Við höfum þekkst lengi og treystum hvor annarri, þrátt fyrir ólíkar skoðanir á hinu og þessu,“ sagði Merkel við blaðamenn í gær. Aðspurð um hvort Kramp-Karrenbauer væri væntanlegur arftaki hennar sagði Merkel: „Ykkar fréttindi eru að þið getið verið þrjá hringi á undan öðrum. Við stjórnmálamenn þurfum að fást við viðfangsefni dagsins í dag.“

Sjálf var Merkel aðalritari CDU áður en hún varð kanslari og þykir stuðningur kanslarans því benda sterklega til þess að Merkel hafi fundið arftaka sinn.

thorgnyr@frettabladid.is

## Hver er þessi Mini-Merkel?

- 55 ára, 8 árum yngri en Merkel
- Forsætisráðherra Saarlands frá 2011
- Stjórnmála- og lögfræðingur
- Þingmaður saarlenska þingsins frá 1999
- Studdi kynjakvóta í stjórnir fyrirtækja árið 2012, öfugt við Merkel
- Vildi árið 2013 hækka hátekjuskatt yfir 50 prósent úr 42 prósentum
- Styður ekki fullan rétt samkynja para til ættleiðingar
- Sagði árið 2015 ekki hægt að útiloka giftingar ættingja í umræðum um samkynja hjónavígslur



# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**Fréttablaðið.is ætlar að bjóða fjölskyldu í drauma sumarleyfi þar sem allt er innifalið.**

*Flug, gisting, matur og drykkur svokallað „all-inclusive“.*

Smelltu þér núna inn á Fréttablaðið.is/nyskraning skráðu þig í leikinn og freistaðu gæfunnar.

ALLT INNIFALIÐ!

ÖLL FJÖLSKYLDAN SAMAN

---

## Vinningsfjölskyldan getur m.a. valið:

1. Tenerife
2. Almeria
3. Benidorm
4. Sett saman eigin draumaferð

---

**Verðmæti allt að**
**800.000 kr.**




# Góða ferð!
## inná frettabladid.is

- Skráning stendur til og með 7. mars -

# Forneskjulegar aðferðir



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is

Í frumvarpi til laga um breytingu á hegningarlögum, sem gerir það að verkum að umskurður drengja varði sex ára fangelsi, lýstur saman með nokkuð athyglisverðum hætti arfleifð forneskjunnar, trúarbragða og hefða annars vegar, og hins vegar þeirri upplýstu heimspeki og siðferði sem mynda grundvöll nútíma lagasetningar og læknisfræði á Vesturlöndum. Því miður er frumvarpið með engu móti heppileg leið til að hefja upplýsta og þarfa umræðu um umskurð drengja.

Hin forna og helga hefð umskurðar drengja er birtingarmynd þess hvernig áherslur og hefðir samfélagsins eru settar skör hærra en frelsi einstaklingsins. Með umskurði er drengnum fundinn staður innan ákveðinna trúarhefða og hann skilgreindur út frá hefðum foreldra sinna. Þetta einskorðast auðvitað ekki við umskurð. Börn neyðast víða til að opna arma sína fyrir trúarstefnum sem þau munu mögulega segja skilið við síðar meir.

Umskurður barna á ekkert skylt við þær áherslur sem við höfum haft að leiðarljósi frá því að upplýsingaröld var og hét: sjálfsforræði, réttindi einstaklingsins, trúfrelsi o.fl.

Séu siðferðileg sjónarmið sett til hliðar, þá er enn vafasamur læknisfræðilegur grundvöllur fyrir inngripi eins og umskurði. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hann dragi úr líkum á þvagfærasýkingu, en slíkt má auðveldlega meðhöndla með lyfjum. Að hann sé vörn gegn veirusýkingum og kynsjúkdómum eru rök sem eiga varla erindi í vestrænu samhengi og engan veginn sem réttlæting fyrir sársaukafullri aðgerð eins og umskurði.

Á Vesturlöndum hafa forneskjulegar hefðir blessunarlega þurft að lúta í lægra haldi fyrir áherslum hins upplýsta samfélags. En eigum við í einni svipan að banna umskurð með lögum og henda þeim sem hann stunda í sex ára fangelsi? Nei, auðvitað ekki. Slíkt er hvorki til þess fallið að sýna trúarlífi gyðinga og múslima virðingu, né er það vænlegt til ávinnings og er í raun í sjálfu sér forneskjuleg nálgun að flóknu og viðkvæmu máli.

Sé þingmönnunum alvara um að ná fram breytingum þá þarf mun víðtækari umræða að eiga sér stað og við Íslendingar, með okkar takmörkuðu reynslu af umskurði, erum varla réttu fundarstjórarnir í þeim samræðum. Mun frekar ættum við að horfa til smærri skrefa í skaðaminnkun sem vísa munu leiðina í rétta átt, eins og að deyfing sé ófrávíkjanleg krafa og að trúarhóparnir séu ábyrgir í þeim sjaldgæfu tilfellum þar sem vandkvæði koma upp eftir umskurð.

Umskurður er langt í frá stærsta ákvörðunin sem foreldrar taka fyrir hönd barna sinna. Þriðjungur karla í heiminum er ekki með forhúð. Engu að síður þurfum við, sem upplýst samfélag, að taka afstöðu til umskurðar drengja, þá sérstaklega í ljósi þess að víðast hvar er það óheimilt með öllu, undir hvaða kringumstæðum sem er, að bera hníf að kynfærum stúlkna.

> **Á Vesturlöndum hafa forneskjulegar hefðir blessunarlega þurft að lúta í lægra haldi fyrir áherslum hins upplýsta samfélags.**

Nýjar vörur frá geoSilica



Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði

Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND

## Halldór




## Frá degi til dags

**Svar á Facebook**
**Hæstvirtum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tókst í gær að drepa dagskrárlið á þinginu með stöðuuppfærslu á Facebook. Á dagskrá var fyrirspurn Oddnýjar Harðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, um hvernig gengi að endurskoða lög um lögheimili samkvæmt þingsályktun frá september 2016 en þeirri vinnu átti að ljúka á vormánuðum í fyrra. Áður en umræðan hófst svaraði ráðherrann spurningunni á síðu sinni. Spurning er hvort taka ætti þetta upp fyrir alla dagskrárliði. Með því móti gætu kjósendur brugðist við umræðum í rauntíma og verið enn betri barómeter á ástandið í landinu.**

**Að svara engu**
**Molahöfundur vill benda aðdáendum svara sem engu svara á nýlegt skjal á þingvefnum. Það er númer 293 og inniheldur svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar, þingmanns Pírata. Fyrirspurnin sneri að því hví ráðherra hefði dregið það svo að svara eldri fyrirspurn hans sem varðar birtingu á skýrslu um eignir Íslendinga á aflandseyjum. Fyrirspurnin er sundurliðuð í þrjá töluliði auk þess að einn töluliðurinn inniheldur þrjá stafliði. Svarið sjálft er þrjár línur og svarar engri spurningu. Svarleysið er nánast aðdáunarvert.** joli@frettabladid.is

# Aftur í vagninn!



**Guðmundur Andri Thorsson**
þingmaður Samfylkingarinnar

Þegar ég var að alast upp í Vogahverfinu í Reykjavík á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar tókum við flestöll strætó til að fara á milli borgarhluta. Við sátum hvert með öðru, krakkar og forstjórar, fiskverkafólk og erindrekar, skósmiðir og fulltrúar, húsmæður og tannlæknar – og borgarfulltrúar: Kristján Benediktsson sá góði fulltrúi Framsóknarflokksins var alltaf í Vogavagninum á morgnana.

Í strætó var maður innan um fólk, maður sá fólk, fékk tilfinningu fyrir öðru fólki og sjálfum sér í samhengi við það. Reglulega vorum við beðin af vagnstjóra að gjöra svo vel og færa okkur aftar í vagninn, svo að fleiri kæmust fyrir. Það efldi félagsandann og tillitssemina og tilfinninguna fyrir því að búa í borg með öðru fólki.

Frá þessum árum hefur höfuðborgarsvæðið færst fjær því að standa undir nafni sem borg, hvað varðar þjónustu og mannlíf í hverfunum, sem eru mörg bara samsafn af svefnherbergjum. Almenningssamgöngur sem hafa um árabil mátt þoka fyrir sífellt aukinni notkun einkabíla, en eins og kunnugt er líta margir Íslendingar á bíla sem nokkurs konar úlpu, skrifstofu á hjólum eða vélknúinn hest sem rati sjálfur meðan bílstjórinn er í símanum, og telja það til marks um meiriháttar ósigur í lífinu að þurfa að deila rými með öðru fólki meðan farið er milli bæjarhluta.

Nú stendur til að gera stórátak í almenningssamgöngum með svokallaðri Borgarlínu, sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast um að byggja upp með atbeina ríkisins. Takist þetta átak er þess jafnvel að vænta að almenningssamgöngur komist í svipað horf og var á uppvaxtarárum mínum. Það er verðugt markmið. Samt virðast sumir frambjóðendur ætla að bjóða fram undir kjörorðinu: Enginn í strætó!

Við þurfum öll að færa okkur aftar í vagninn ef við eigum að komast hér öll fyrir. Það er óskiljanlegt að á því herrans ári 2018 sé deilt um það hvort raunhæfar og áreiðanlegar almenningssamgöngur – eins og tíðkast um allan heim – skuli vera hluti grunnþjónustu sveitarfélaganna.

> **Reglulega vorum við beðin af vagnstjóra að gjörasvovelog færa okkur aftar í vagninn, svo að fleiri kæmust fyrir.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Krúttleg enska á kostnað lesskilnings



Bjartey Sigurðardóttir
talmeinafræðingur

Í starfi mínu sem talmeinafræðingur verð ég vör við að orðaforði barna sem eiga íslensku sem móðurmál er að verða sífellt enskuskotnari. Mörg börn á leikskólaaldri eru jafnvel með sterkari orðaforða á ensku en íslensku. Við greiningu á málþroskavanda barna hitti ég stundum foreldra sem segja með nokkru stolti að orðaforði barnsins sé talsvert betri á ensku en íslensku og er ég þar að tala um foreldra sem eiga íslensku sem móðurmál. Leikskólakennarar tjá mér að það sé æ sjaldgæfara að inn í leikskólann komi tveggja ára börn með góðan orðaforða og aldurssvarandi tök á setningamyndun. Þeir geta einnig sagt sögur af börnum sem þrátta um það við kennarana sína hvaða nöfn ýmis fyrirbæri beri, að þessi litur heiti black en ekki svartur og að dýrið heiti hippo en ekki flóðhestur.

En er þetta ekki bara í góðu lagi? Er ekki jákvætt að börnin nái snemma tökum á ensku og verði „tvítyngd“? Ef þetta væri ekki á kostnað móðurmálsins, þá væri svarið já. Það sem við sjáum hins vegar er að íslenskum orðaforða barnanna fer mikið aftur. Það er raunveruleg hætta á því að við séum að ala upp kynslóð barna sem talar tvö tungumál þar sem hvorugt málið er vel þróað. Varðandi börn sem eiga annað móðurmál en íslensku er staðan jafnvel enn verri þar sem ensk áhrif trufla máltöku þeirra á íslensku.

> **Foreldrar, ykkar er valið. Hvort viljið þið heldur að barnið ykkar tali „krúttlega“ ensku á yngri árum eða nái góðum tökum á móðurmálinu og verði í kjölfarið með góðan lesskilning og þar með góðar forsendur til frekara náms?**

Íslenska skólakerfið er ekki búið að hafna íslenskunni, kennslan fer fram á íslensku og megnið af því lesefni sem nemendum er ætlað að lesa er á íslensku. Meðan svo er þurfa nemendur að vera með góðan aldurssvarandi íslenskan orðaforða.

**Talið við börnin og lesið fyrir þau**

Bandarísk rannsókn (Hart og Risley, 1995) sýndi gífurlegan mun á orðaforða barna við þriggja ára aldur eftir því hversu mikið var talað við barnið og hvernig mál var haft fyrir barninu. Þessi mikli munur á orðaforða hafði forspárgildi um tungumálafærni barnanna við níu ára aldur.

Í nýlegri doktorsrannsókn Sigríðar Ólafsdóttur (2015) kom fram að sterk fylgni er milli orðaforða og lesskilnings nemenda í 4.-8. bekk. Það felur í sér að því öflugri sem orðaforði barnsins er við níu ára aldur því betri er lesskilningur þess. Rannsóknin sýndi einnig fram á að þessi fylgni helst þar til barnið kemst á unglingsaldur. Barn með slakan orðaforða á íslensku á því mjög líklega eftir að lenda í miklum lesskilningsvanda, því góður orðaforði og málskilningur er undirstaða lesskilnings. Ef svo heldur áfram sem horfir gætum við átt von á enn frekara falli lesskilnings íslenskra nemenda í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum með tilheyrandi námserfiðleikum og brottfalli úr skóla.

En hvað er þá til ráða? Þessari spurningu mætti svara með langri grein, en einfalda svarið er hins vegar: Ein árangursríkasta leiðin til að efla orðaforða barna, og þar með málskilning, er aukinn bóklestur. Talið við börnin ykkar og lesið fyrir þau daglega á íslensku. Forðist rafrænt afþreyingarefni þar sem allt fer fram á ensku en veljið í staðinn íslenskt efni.

Foreldrar, ykkar er valið. Hvort viljið þið heldur að barnið ykkar tali „krúttlega“ ensku á yngri árum eða nái góðum tökum á móðurmálinu og verði í kjölfarið með góðan lesskilning og þar með góðar forsendur til frekara náms?

# Neysluvatn er matvara



Svavar T. Óskarsson
ráðgjafi hjá Orkuumsjón ehf.

Vegna umræðna um mengun neysluvatns á virkjunarsvæðum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu og víða um land er ekki úr vegi að fara nokkrum orðum um lög og reglur varðandi neysluvatn, áhugasömum til upplýsinga.

Samkvæmt lögum og reglugerðum ber stjórnvöldum að ábyrgjast að mannvirkjagerð sé með þeim hætti að neytendum sé tryggt neysluvatn úr neysluvatnskerfum húsa. Í lögum um matvæli nr. 93/1995 er neysluvatn skilgreint sem matvara. Megintilgangur laganna er eins og segir:

1. gr. Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.

2. mgr. Neysluvatn: vatn, í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, sem notað er til drykkjar, við matargerð og í matvælafyrirtækjum. Hitaveituvatn telst ekki neysluvatn. Heitt neysluvatn verður til við upphitun á köldu neysluvatni t.d. í gegnum varmaskipti.

Í tilskipun EB/EES nr. 98/83/EC sem var innleidd í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 536/2001 um [tiltekur gæði] neysluvatn segir í 6. gr.: Staður þar sem samræmis skal gætt við færibreytugildin [aðstæður] a) þegar um er að ræða vatn frá dreifikerfi, á þeim stað á athafnasvæði eða í starfsstöð þar sem vatnið kemur úr krönum sem eru venjulega notaðir fyrir neysluvatn.

> **Það er löngu tímabært að yfirvöld mannvirkjagerðar á Íslandi setji skýrari og ítarlegri reglur um starfsemi vatnsveitna og lagnabúnað neysluvatnskerfa í húsum.**

Í sömu tilskipun sem tók gildi á Íslandi 2003 segir: 25) Ef stöðlum samkvæmt þessari tilskipun er ekki fylgt skal viðkomandi aðildarríki grafast fyrir um orsakir þess og tryggja að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta eins fljótt og unnt er til að færa gæði vatnsins í rétt horf. 26) Mikilvægt er að koma í veg fyrir þann möguleika að mengað vatn geti valdið heilsutjóni. Banna skal dreifingu á slíku vatni eða takmarka notkun þess.

Þegar lög um vatnsveitur nr. 93/1995 voru sett urðu mikil umskipti í allri starfsemi vatnsveitna, þar sem nýjar reglur skilgreindu vatnsveitur sem matvælafyrirtæki.

Það er löngu tímabært að yfirvöld mannvirkjagerðar á Íslandi setji skýrari og ítarlegri reglur um starfsemi vatnsveitna og lagnabúnað neysluvatnskerfa í húsum, bæði hvað varðar nýlagnir og viðhald þeirra svo og að tryggja eftirfylgni með að þeim sé framfylgt. Þannig verður vatnsveitum og fagaðilum auðveldað að uppfylla ákvæði laga og reglna um neysluvatn og neytendum tryggt kalt og heitt neysluvatn sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til vatnsins sem matvöru.
















Valdís Þóra Jónsdóttir hefur nú leikið á tveimur mótum á LPGA-mótaröðinni. MYND/GSÍ/SETH

# Finnst ég eiga fullt erindi á LPGA-mótin

**Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir komst í fyrsta sinn í gegnum niðurskurðinn á sterkustu mótaröð í heimi um helgina. Hún fékk eftirminnilegan örn á mótinu en veðrið í Adelaide í Ástralíu gerði henni erfitt fyrir á köflum.**

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr GL, lauk leik í 57. sæti á LPGA-mótaröðinni í Adelaide í Ástralíu um helgina og fékk að launum um 3.600 dollara, rúmlega 360 þúsund íslenskar krónur.

Þetta var í fyrsta sinn sem Valdís kemst í gegnum niðurskurðinn á þessari sterkustu mótaröð heims í aðeins annarri tilraun. Valdís lék lengst af frábært golf um helgina, fékk sautján fugla og einn örn en sjö skramba og níu skollar skiluðu henni 57. sæti á fjórum höggum yfir pari.

Þegar náðist í Valdísi var hún komin til Bonville í Ástralíu þar sem hún hefur leik á fimmtudaginn á LET-mótaröðinni, sterkustu mótaröð Evrópu, en hún leikur næstu tvær helgar í Ástralíu. Heilt yfir var hún nokkuð ánægð með spilamennskuna um helgina.

**Sló mörg frábær högg**

„Það var flott að komast í gegnum niðurskurðinn og flott að sjá hvað leikur minn er heilt yfir á góðum stað. Ég var að slá mörg frábær högg og ég reyni að einblína á það eftir mótið, ég hef tekið miklum framförum í vetur og það var gaman að sjá það skila sér um helgina. Ég sá um helgina hvað ég á mikla möguleika í framhaldinu á þessu og finnst eins og ég eigi fullt erindi í þessa mótaröð.“

Valdís komst inn á mótið seint á þriðjudaginn í gegn um úrtökumót en fyrir vikið var undirbúningurinn fyrir mótið annar en vanalega.

**Tók engan æfingahring**

„Ég náði ekki einu sinni að spila æfingarhring, ég kemst inn á mótið seint á þriðjudaginn og fæ bara að labba völlinn fyrir utan reipin á miðvikudaginn. Á fyrsta degi mótsins var ég að spila völlinn í fyrsta sinn en það kom ekki að sök. Það eina sem fór úrskeiðis voru þessir skrambar sem komu oft upp úr þurru þegar ég klikkaði í kylfuvali eða mati á vindinum,“ sagði Valdís sem reyndi að vera fljót að gleyma því.

**17** fugla fékk Valdís Þóra á mótinu í Adelaide, jafn marga og Hyejin Choi sem endaði í 2. sæti.

> Ég náði að setja boltann niður af um 132 metra færi með áttujárni, ég sá hann að vísu ekki fara niður en ég vissi að þetta var frábært högg þegar ég labbaði að teignum.
>
> Valdís Þóra Jónsdóttir

» Næstu tvö mót sem Valdís Þóra keppir á fara einnig fram í Ástralíu. Fimm fyrstu mót hennar á tímabilinu fara fram í Ástralíu.

„Ég er ekkert að hanga á því, ég ræð því ekki hvenær þessi slæmu högg koma en þau komu oftar á kafla en ég bjóst við en ég einblíndi bara á góðu höggin. Ég fékk sautján fugla, einn örn og fékk færi til að sækja fleiri fugla ef allt hefði dottið. Ég er bara ánægð hvað ég var að koma mér í mörg góð færi á fuglum.“

**Örninn náðist ekki á myndband**

Valdís fékk einn örn á mótinu er hún setti niður högg af 132 metra færi.

„Ég náði að setja boltann niður af um 132 metra færi með áttujárni, ég sá hann að vísu ekki fara niður en ég vissi að þetta var frábært högg þegar ég labbaði að teignum. Ég var komin með pútterinn í höndina en fann ekki boltann á flötinni, þá sagði áhorfandi mér að hann hefði farið niður. Það segir sitt um hversu vel ég var að slá á mótinu að seinna á hringnum átti ég svipað högg sem var hársbreidd frá því að fara niður, svipuð lengd og sama kylfa,“ sagði Valdís og bætti við að þetta hefði verið það snemma dags að myndatökumennirnir hefðu ekki enn verið komnir út á völl.

**Áfram í Ástralíu**

Fram undan hjá Valdísi eru tvö mót á austurströnd Ástralíu en hún segist einblína á LET-mótaröðina á næstunni þótt hún muni hafa augastað á úrtökumótum fyrir LPGA-mótaröðina.

„Auðvitað er markmiðið að taka þátt í fleiri LPGA-mótum á þessu tímabili en ég verð bara að sjá hvaða tækifæri koma upp á borðið og hvað mér býðst. Þar til er einbeitingin á LET-mótaröðinni og næsta móti sem hefst á fimmtudaginn, ég á æfingarhring eldsnemma í fyrramálið hérna í Bonville,“ sagði Valdís að lokum. kristinnpall@frettabladid.is

# Fólk
Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 20. FEBRÚAR 2018



Edda Björk Þórðardóttir er doktor í lýðheilsuvísindum og ætlar að ræða við gesti Heimspekikaffis Gunnars Hersveins í Gerðubergi annað kvöld. MYND/ERNIR

# Best að vera til staðar

Edda Björk Þórðardóttir, doktor í lýðheilsuvísindum, segir jafn mikilvægt að sýna sjálfum sér samkennd, væntumþykju og sjálfsalúð eins og öðrum ástvinum og samborgurum þegar erfiðleikar og áföll banka upp á í lífinu. →2



Valný Óttarsdóttir iðjuþjálfi og ungbarnasundkennari býður upp á fræðslu og leikfimi fyrir ungbörn og foreldra þeirra í Menningarhúsi, Spönginni í dag. Mikilvægt sé að styrkja bak og háls barna. →8

ENZYMEDICA
Áttu við meltingarvandamál að stríða?


Framhald af forsíðu ➪

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Ég hef mikinn áhuga á að taka þátt í að bæta lýðheilsu þjóðarinnar og hef frá unga aldri haft óbilandi áhuga á því hvernig fólk tekst á við erfiðleika í lífinu, en líka hvað við sem samfélag getum gert til að hjálpa fólki að ná sér eftir áföll," segir Edda Björk Þórðardóttir, doktor í lýðheilsuvísindum.

Hún ætlar að flytja erindið Hvernig er gott að bregðast við áföllum? og ræða áföll og afleiðingar þeirra í heimspekikaffi með Gunnari Hersveini rithöfundi og heimspekingi í Borgarbókasafninu í Gerðubergi annað kvöld.

„Það er mikilvægt að við hugum vel að okkur sjálfum eftir hvers kyns áföll," segir Edda. „Stuðningur ástvina skiptir einnig miklu máli, að vera virkur hlustandi og að sýna skilning og samkennd."



Edda Björk segir rannsakað að til séu árangursríkar meðferðir við áfallastreituröskun og að brýnt sé að þær séu aðgengilegar og niðurgreiddar. MYND/ERNIR

## Flestir upplifa áföll í lífinu

Edda segir meirihluta fólks upplifa áföll á lífsleiðinni og að samfélagið beri mikla ábyrgð á því hvernig til tekst með bata.

„Helstu áföll eru missir ástvina, alvarlegur heilsubrestur, náttúruhamfarir, slys og andlegt og líkamlegt ofbeldi. Þá er kynferðisofbeldi mun algengara en áður var talið. Árið 1980 var ennþá talið að kynferðisofbeldi meðal barna væri eitt á móti milljón en í dag hafa rannsóknir leitt í ljós að það er mun algengara, eða um það bil eitt af hverjum fjórum stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum."

Við Miðstöð í lýðheilsuvísindum eru skoðuð áhrif áfalla á andlega og líkamlega heilsu.

„Algengasta afleiðing alvarlegra áfalla er áfallastreituröskun," útskýrir Edda. „Áfallastreita er eðlilegt viðbragð við áfalli og einkennist af endurupplifun atburðarins, í formi martraða, og endurteknum minningum um atburðinn. Þeir sem þjást af áfallastreitu forðast einnig að hugsa um hluti sem tengjast áfallinu og tilfinningar tengdar því. Þeir upplifa neikvæðar breytingar á líðan sinni og hafa minni áhuga á að taka þátt í daglegum athöfnum. Fólk getur orðið tilfinningadofið og á stöðugu varðbergi, stutt er í pirring og reiðiköst. Einkenni áfallastreituröskunar skerða lífsgæði verulega, þau hafa áhrif á nám og vinnu, heimilislífið og heilsu fólks. Þess vegna er mikilvægt að fólki standi meðferð til boða."

## Árangursríkar meðferðir til

Edda segir mikilvægt að hafa í huga að meirihluti einstaklinga nær bata án meðferðar en ef einkenni minnka ekki eða ágerast á fyrstu vikunum eftir áfall, er mikilvægt að leita til fagaðila.

„Í dag eigum við mjög góðar meðferðir við áfallastreitu sem rannsóknir sýna að skila góðum árangri. Það er áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð og EMDR-meðferð. Margir leita á heilsugæsluna vegna kvíða, svefnvandamála og þunglyndis þegar rótin er áfallastreita og margir hafa burðast með áfallastreitueinkenni síðan þeir voru á barnsaldri, án þess að gera sér grein fyrir því. Því þyrfti að skima fyrir áfallastreitu á heilsugæslustöðvunum og koma fólki í réttan farveg. Það á rétt á að vita hvaða meðferðir skila árangri og mikilvægt að fólk þvælist ekki lengi um í kerfinu í leit að viðunandi meðferð og fái ekki meðferðina sem virkar."

Niðurstöður rannsókna sýna tengsl á milli áfalla og líkamlegra sjúkdóma á borð við magasár, liðagigt og mígreni. Í gangi eru langtímarannsóknir til að skoða þau tengsl betur og í Bandaríkjunum er unnið að stórri rannsókn sem skoðar áföll í æsku og tengsl þeirra við heilsufar á fullorðinsárum. Niðurstöður sýna að börn sem búa við ofbeldi eða við erfiðar heimilisaðstæður glíma við verra andlegt og líkamlegt heilsufar.

„Við þurfum að beina athygli okkar að þessu í enn ríkari mæli. Við vitum að félagslegur stuðningur gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að bata, og hvernig nærumhverfið og samfélagið bregst við. Eftir því sem áföll eru alvarlegri eykst hætta á kvíða, þunglyndi, svefnvandamálum og áfallastreitu. Nú vitum við hvaða meðferð virkar við áfallastreitu og þá skiptir miklu að hún sér aðgengileg og niðurgreidd fyrir þá sem þurfa á henni að halda því það hafa ekki allir tök á að greiða tíma hjá sálfræðingum," segir Edda.

## Sjálfsalúð er mikilvæg

Þegar áföll dynja yfir geta eðlileg viðbrögð verið mjög breytileg.

„Þá gildir að vera til staðar fyrir fólkið okkar, vini og vinnufélaga og láta þá vita að þeir geti leitað til okkar," segir Edda. „Fólk sem hefur lítið sem ekkert félagslegt net að baki þarf félagslegan stuðning og aðgengilega meðferð. Í kjölfar MeToo-byltingarinnar þekkja nú margir einstaklinga sem hafa opnað sig fyrir því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það þarf mikinn kjark til að greina frá slíkri reynslu og með því að vera virkur hlustandi og sýna fólki skilning og samkennd, án þess að spyrja of ítarlega um atburðinn, leggur maður sitt af mörkum."

Mikilvægt hugtak innan sálfræðinnar er sjálfsalúð.

„Sjálf hafði ég ekki hugsað út í sjálfsalúð fyrr en ég fór að læra um hana í sálfræðinni," segir Edda um hugtakið sem lýtur að því hvernig við komum fram við sjálf okkur þegar illa gengur í lífinu.

„Þá eigum við að sýna okkur alúð og nærgætni, á sama hátt og við gerum við vini þegar erfiðleikar dynja á. Við slíkar aðstæður mundi maður hiklaust klappa honum á öxlina, segja að hann komist í gegnum þennan dag og að við séum til staðar fyrir hann. En því miður er okkur tamt að grípa til sjálfsgagnrýni og vera hörð við okkur sjálf. Sem samfélag getum við öll verið til staðar og gefið meðvitað af okkur þegar meðborgarar okkar ganga í gegnum erfiðleika. Það er jákvætt fyrir alla."

Edda segir brýnt að kenna börnum sjálfsalúð í skólum lands.

„Í skólanum leggjum við áherslu á samkennd með náunganum en kennum ekki hvernig við eigum að tala við okkur sjálf né að temja innri rödd. Því mætti kenna börnum, sem og fullorðnum, að sýna sjálfum sér alúð og væntumþykju þegar erfiðlega gengur í stað niðurrifs sem oftar verður fyrir valinu. Sem samfélag getum við gert það í skólakerfinu."

## Rannsaka áfallasögu kvenna

Edda hlakkar til að eiga samræður við gesti heimspekikaffisins í Gerðubergi annað kvöld.

„Þar ætlum við að ræða um hvaða gildi koma helst við sögu í kringum áföll. Þegar við íhugum framkomu okkar við aðra sjáum við hversu miklu skiptir að sýna samkennd, umhyggju og skilning, og það sama gildir um okkur sjálf. Það er erfitt að takast á við erfiða atburði og því mikilvægt að sýna sjálfum sér sömu samkennd og öðrum."

Edda segir óþarft að vera feiminn eða hikandi þegar samferðamenn okkar lenda í áföllum.

„Það þykir öllum vænt um það þegar fólk segist hugsa til þeirra eftir að þau hafa gengið í gegnum erfiða reynslu. Segir að því þyki virðingarvert og virkilega leitt að frétta af því þegar einhver greinir opinberlega frá erfiðri reynslu eða lætur vita að það sé til staðar fyrir þann sem á þarf að halda, eftir missi eða önnur áföll, og spyr hvort eitthvað sé hægt að gera til að létta fólki lífið. Það geta verið praktísk atriði, sem skipta fólk miklu en það á erfitt með, eins og að kaupa í matinn, taka skurk í þvottakörfunni eða passa börnin. Allt skiptir það máli og fólk man yfirleitt ævilangt hver stóð við bak þess og var til staðar á erfiðum tímum."

Á næstu vikum fer í gang einn stærsta rannsókn landsins í lýðheilsuvísindum en hún er líka ein sú stærsta á heimsvísu á sínu sviði.

„Rannsóknin heitir Áfallasaga kvenna og verður öllum konum á Íslandi, 18 ára og eldri, boðið að taka þátt. Ætlunin er að skoða algengi áfalla á meðal íslenskra kvenna og tengsl þeirra við andlega og líkamlega heilsu. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að þekkja umfang vandans fyrir forvarnir og stefnumótun framtíðar," segir Edda.

Heimspekikaffi með Eddu Björk og Gunnari Hersveini hefst í Gerðubergi klukkan 20 á morgun, miðvikudaginn 21. febrúar. Allir velkomnir.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Betra skap og minni matarlyst

**Good Night er náttúrulegt svefnbætiefni sem hjálpar fólki að sofna og ná samfelldari svefni. Það inniheldur amínósýruna L-tryptófan, jurtir og bætiefni sem eru róandi og hafa slakandi áhrif.**




Svefnvandamál og svefnleysi getur þó átt sér dýpri rætur en svo að þetta hjálpi og þá er um að gera að leita til fagaðila sem sérhæfa sig í þessu.

Góður svefn er undirstaða góðrar heilsu en um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. Þó svo að um tímabundið svefnleysi sé að ræða, getur það valdið vanlíðan og þreytu á daginn og haft mikil áhrif á dagleg störf. Við eigum erfiðara með að einbeita okkur, erum þreytt og pirruð og rökhugsun skerðist,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og næringarmarkþjálfi hjá Artasan.

### 30% Íslendinga sofa of lítið

„Algengt er að svefntruflanir komi með aldrinum og talið er að um 30% Íslendinga sofi of lítið og fái óendurnærandi svefn. Ástæðurnar eru margvíslegar og er algengt að streita, áhyggjur, kvíði, óvissa og þunglyndi valdi því að við sofum illa en ýmsir sjúkdómar, bæði líkamlegir sem og andlegir geta einnig haft bein áhrif. Ferðalög milli tímabelta og vaktavinna rugla svefninn hjá mörgum, notkun raftækja (lýsing frá skjáum á símum og tölvum) og svo skiptir það máli hvað við borðum, hvernig og hvenær þegar kemur að því að fá góðan nætursvefn.“

### Byggingarefni melatóníns

„Líkamsklukkan okkar tengist dagsbirtunni og við eðlilegar aðstæður fer líkaminn að framleiða svefnhormónið melatónín þegar fer að nálgast háttatíma. Þetta á að gerast á náttúrulegan hátt en hjá mörgum er eitthvað sem truflar þetta ferli, eins og t.d. það sem talið er upp hér fyrr í greininni sem og birtan og myrkrið úti,“ útskýrir Hrönn. „Þá eyðir fólk oft löngum tíma í að bylta sér í rúminu og jafnvel pirrast yfir að festa ekki svefn. Til að líkaminn framleiði svefnhormónið melatónín þarf m.a. að vera til staðar amínósýra sem kallast L-tryptófan. Hún fyrirfinnst í matvælum eins og t.d. eggjum, laxi, sesamfræjum, sætum kartöflum og banönum en hún er einnig eitt helsta innihaldsefni Good Nigth.“

### Betra skap og minni matarlyst

„L-tryptófan getur bætt svefninn og þar með heilsufar okkar. Það er einnig vert að nefna að það er líka byggingarefni serótóníns sem hefur m.a. áhrif á skapferli, almenna virkni, át og svefn. Þetta þýðir að serótónín í nægilega miklu magni getur dregið úr líkum á þunglyndi og kvíða ásamt því að það dregur úr matarlyst en þá er verið að tala um fólk sem hefur of mikla matarlyst og gengur illa að stýra áti. Eins og áður sagði þá er L-tryptófan til staðar í ákveðnum matvælum en það getur haft mikla kosti að taka það inn á bætiefnaformi líka.“



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og næringarmarkþjálfi.

> Good Night má nota eftir hentugleika og getur reynst afar hjálplegt við að komast út úr þeim vítahring sem svefnleysi getur valdið.“
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir

### Róandi jurtir í bland

„Í Good Night er þessi amínósýra, L-tryptófan, hugsuð fyrst og fremst til að hjálpa okkur að sofna og er því búið að blanda saman jurtum sem allar eru þekktar fyrir að hafa róandi og slakandi áhrif. Þetta er melissa, lindarblóm og hafrar. Að auki er blanda af B-vítamínum og magnesíum sem er gott fyrir taugakerfið,“ segir Hrönn.

### Hugum vel að svefnaðstæðum

„Um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. Gott er að koma sér upp rútínu fyrir svefninn sem miðar að því að við slökum á og gleymum aðeins amstri dagsins. Mikilvægt er að það sé ávallt ferskt og gott loft í svefnherberginu okkar og gott er að draga eins og hægt er úr rafmagnstækjanotkun ásamt því að sleppa alveg notkun á tölvum, iPad og símum rétt áður en farið er að sofa. Bæði getur rafsegulsviðið kringum tækin haft áhrif og svo er talið að bláu geislarnir frá skjánum leiði til minni framleiðslu á svefnhormóninu melatóníni í heilakönglinum og geti því spillt nætursvefninum. Fáum okkur frekar góða bók að lesa, hlustum á róandi tónlist eða stundum einhvers konar slökun eða íhugun frekar en að hafa sjónvarpið í gangi yfir rúminu. Gætum þess einnig að hafa hljótt í kringum okkur og dimmum herbergið vel þegar við ætlum að fara að sofa.“

Sölustaðir: Flest apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.



# LGG+ verndar gegn kvefi

Rannsóknir á tengslum kvefs og LGG gerilsins benda til verndandi áhrifa, sérstaklega hjá börnum.

Kvef er líklega algengasti kvilli sem hrjáir jarðarbúa, en reikna má með að þegar 75 ára aldri er náð hafi maður um það bil 200 sinnum fengið kvef á ævinni. Tíðni kvefs lækkar þó með aldrinum og börn fá mun oftar kvef en fólk á efri árum. Rannsóknir á tengslum kvefs og LGG gerilsins virðast benda til verndandi áhrifa gerilsins umfram lyfleysuáhrif og þá sérstaklega hjá börnum.

„Í tveimur klínískum rannsóknum Hojsak og félaga frá 2010 koma fram ótrúleg áhrif LGG á tíðni kvefs í börnum,“ segir Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri MS. Þrisvar sinnum minni líkur voru á að fá kvef hjá hópnum er fékk LGG heldur en í samanburðarhópnum sem fékk lyfleysu. Einkennin vörðu skemur í tilraunahópunum sem þýddi að börnin voru styttri tíma frá vegna veikindanna heldur en þau í samanburðarhópunum.

„Ekki er að fullu ljóst hvernig LGG gerillinn og aðrir heilsugerlar fara að því að lækka tíðni kvefs, en talið er að þeir hafi áhrif á ónæmisvirkni meltingarvegarins. LGG gerillinn á auðvelt með að festast við slímhúð þarmaveggjarins og virðist sú binding gegna lykilhlutverki í ónæmishvetjandi áhrifum LGG gerilsins,“ segir Björn. Það er því ljóst að hinu hvimleiða kvefi er hægt að halda vel í skefjum með neyslu á LGG.

„Endurteknar niðurstöður ólíkra rannsókna sýna að þrisvar sinnum minni líkur eru á að börn sem neyta LGG reglulega fái kvef og þá eru ótalin önnur jákvæð áhrif LGG á meltingarveginn auk annarra heilsusamlegra áhrifa.“

### Almenn vellíðan og bætt heilsa

„Heilsa okkar á stöðugt undir högg að sækja vegna alls kyns áreitis og því er gott að vita að með litlum styrkjandi dagskammti af LGG+ styrkjum við mótstöðuafl líkamans og örvum vöxt heilnæmra gerla í meltingarveginum,“ segir Björn. Til að viðhalda fullum áhrifum LGG+ er mikilvægt að neyta þess daglega og ein lítil flaska er nóg fyrir fulla virkni.




LGG+ bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana, styrkir ónæmiskerfi, hefur fjölþætta varnarverkun og veitir mikið mótstöðuafl gegn kvefi og flensu.

# Hollir réttir í vetrarveðri

Stundum nennir maður ekki að elda flókna rétti og langar í eitthvað létt og gott. Hér eru hugmyndir að léttum réttum sem auðvelt er að matreiða, til dæmis grænmetislasagna með spínati.

Þótt lasagna virki flókinn réttur er ekki svo. Þetta er þægilegur réttur sem vel er hægt að útbúa deginum áður og skella síðan í ofninn þegar heim er komið eftir vinnu. Afganga má síðan borða daginn eftir, til dæmis taka með sér í vinnuna. Hinir réttirnir eru afar auðveldir og tekur skamma stund að matreiða þá.

## Grænmetislasagna

Mjög gott lasagna með spínati og sveppum fyrir þá sem vilja kjötlausa máltíð.
Uppskriftin dugar fyrir átta.

**400 g spínat**
**300 g grænkál**
**500 g ferskir sveppir**
**400 g ricotta-ostur**
**3 dl sýrður rjómi, 35%**
**½ dl mjólk**
**Ferskt basil og timían**
**½ tsk. chilli-flögur**
**6 dl rifinn ostur**
**2 dl parmesanostur**
**1 lítri tómatpastasósa**
**12 lasagnablöð**

Skolið spínatið undir köldu vatni og fjarlægið stærstu stilkana. Setjið í sjóðandi vatn í örstutta stund og kælið síðan í ísvatni.
Fjarlægið stærstu stilkana af grænkálinu og setjið í sjóðandi spínatvatnið í 2-3 mínútur. Kælið í ísvatni. Þerrið spínat og grænkál og skerið smátt.
Skerið sveppina í sneiðar og steikið á pönnu. Bragðbætið með salti og pipar.



Grænmetislasagna er góður og hollur matur.

Blandið saman ricotta, sýrðum rjóma og kryddjurtum. Bætið mjólk til að þynna og bragðbætið með salti og pipar.
Smyrjið eldfast mót. Setjið tómatpastasósu í botninn og leggið síðan lasagnaplötur yfir. Bætið þá ricotta, spínati og grænkáli yfir og helminginn af sveppunum ásamt tómatpastasósu. Setjið næsta lag af lasagnaplötum og endurtakið síðan með sósu og grænmeti. Rétturinn á að hafa þrjú lög af sósu og lasagnaplötum. Endið á tómatsósu og rifnum osti.
Setjið í 200°C heitan ofn og bakið í 35-40 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrúnn.



Brauð með salati og eggjum. Skipta má út spínati fyrir lárperu.

## Soðin egg með spínatsalati

Þetta er góður og hollur réttur ef fólk vill eitthvað létt að borða. Uppskriftin miðast við tvo.

**½ hvítlauksrif**
**1 dl kotasæla**
**100 g baby spínat (má líka nota lárperu)**
**½ tsk. cayenne-pipar**
**¼ tsk. salt**
**2 egg**
**2 rúgbrauðssneiðar**
**2 msk. graskersfræ**
**¼ tsk. cayenne-pipar**

Rífið hvítlaukinn með rifjárni og setjið saman við kotasæluna. Blandið spínati saman við og bragðbætið með cayenne-pipar og salti. Sjóðið egg í sex mínútur og kælið. Smyrjið brauðið með kotasælu og spínatblöndunni, deilið eggjunum í tvennt og setjið á brauðið. Dreifið graskersfræjum yfir og cayennepipar.



Pönnukökur með roast beef.

## Pönnukökur með roast beef

Litlar þykkar pönnukökur geta orðið að dýrindis máltíð. Hér eru hollar pönnukökur sem gott er að borða með roast beef og piparrótarrjóma. Uppskriftin miðast við fjóra.

**3 egg**
**3 dl súrmjólk**
**2 dl heilhveiti**
**2 ½ dl hveiti**
**1 ¼ tsk. matarsódi**
**½ tsk. salt**
**1 ½ tsk. pipar**
**12 sneiðar roast beef**
**1 ½ dl sýrður jómi**
**1 msk. rifin piparrót**
**Blandað salat**

Þeytið saman egg og súrmjólk. Bætið þá hveiti, heilhveiti og matarsóda saman við og hrærið. Það má setja smávegis sykur í deigið ef fólk vill. Látið blönduna standa í 20 mínútur. Setjið smá smjör á pönnukökupönnu og steikið litlar, þykkar pönnukökur á báðum hliðum. Blandið saman sýrðum rjóma og piparrót. Leggið roast beef á pönnuköku og sósuna þar ofan á. Skreytið með salatinu.





# Hárrétt ákvörðun

Hárkúr Gula miðans er bætiefnablanda sem er sérstaklega samsett fyrir hárið.

Blandan inniheldur valin bætiefni fyrir hárið, þar á meðal nauðsynlegar amínósýrur, steinefni og vítamín sem stuðla að heilbrigðum og góðum hárvexti. Ánægðir notendur taka eftir því að hárið verður áberandi mýkra, hárlos verður minna og hárvöxtur styrkist og eykst.

Meðal innihaldsefna í Hárkúr eru inósítól, kólín, járn og sink sem eru nauðsynleg fyrir heilbrigðan hárvöxt og koma í veg fyrir að hárið slitni og verði líflaust. Hárkúr inniheldur einnig B–vítamín, bíótín og fólínsýru sem stuðla að heilbrigði hársekkja og frísklegu útliti hársins. Þá inniheldur Hárkúr þara sem er ríkur af snefilefnum sem styðja við hárvöxtinn. Hárkúr er einnig þekktur fyrir að styrkja neglur og húð.

Hárkúr er ein vinsælasta varan frá Gula miðanum sem fólk kaupir aftur og aftur.




**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**

# Weight Watchers hættir að birta fyrir og eftir myndir

Fyrir- og eftir-myndir þykja einn besti mælikvarðinn á útlitsbreytingu eftir megrunarkúr en megrunarfyrirtæki eins og Weight Watchers og Biggest Loser hafa notað slíkar myndir í þúsundatali gegnum árin.

Weight Watchers eru einn vinsælasti og lífseigasti megrunarklúbbur veraldar en hann hefur verið starfandi síðan snemma á sjöunda áratugnum. Kúrinn gengur út á að matur fær ákveðið mörg stig og kúrfarar mega ekki fara yfir tilgreint magn stiga. Þúsundir ef ekki milljónir manna hafa tapað þyngd á kúrnum og tekið af því fyrir og eftir myndir sem eru eitt algengasta mælitækið á árangur í þyngdartapsiðnaðinum og þessar myndir eru mikið notaðar til að sýna fram á árangur kúrsins og notaðar til að fá þá sem eru ósáttir við sjálfa sig til að ganga í raðir ánægðra viðskiptavina. Fyrir myndirnar eru gjarna af megrunariðkandanum upp á sitt allra stærsta, gjarna teknar frá sjónarhorni sem sýnir viðkomandi í sínu versta ljósi, í ljótum fötum, jafnvel hálfnakinn í sund- eða íþróttafötum, óhressan á svip. Þessar myndir eru alltaf til vinstri. Til samanburðar eru svo myndirnar til hægri þar sem er komið annað hljóð í strokkinn. Megrunariðkandinn stendur keikur í fallegum fötum (gjarna efnismeiri en á hinni myndinni) og horfir í myndavélina með björtu brosi hins sjálfstrausta einstaklings. Stofnandi Weight Watchers, Jean Nidetch, var einmitt ein af þeim fyrstu sem birtu af sér fyrir- og eftir-myndir en hún bjó til stigakerfið og prófaði á eigin skinni með árangri sem best er lýst með fyrir- og eftir-myndum.

Nú hefur Weight Watchers hins vegar ákveðið að henda sinni helstu mælistiku, nefnilega fyrir- og eftir-myndunum. Ástæðan er einmitt sú að samkvæmt niðurstöðum fyrirtækisins (og fjölda rannsókna) eru kúrar ekki lausnin sem löngum hefur verið predikað að þeir væru. Þessar umbreytingarmyndir þykir yfirmönnum milljarðafyrirtækisins Weight Watchers nú gefa villandi mynd af því að kúr sé eitthvað sem tekur enda. Fyrirtækið vill leggja meiri áherslu á varanlega lífsstílsbreytingu þar sem áherslan er á „heilsuferðalag sem hefur hvorki upphaf, miðju né endi,“ eins og talsmaður fyrirtækisins segir.

Aðrir hafa bent á að með nútíma ljósmyndatækni sé lítið mál að búa til fyrir- og eftir-myndir af öllum, jafnt þeim sem hafa lagt á sig langtímasvelti til að passa í kjól og hinum sem eru góðir í myndvinnsluforritum á borð við Photoshop.

Ekki fylgir sögunni hversu margir bæta þyngdinni á sig aftur þegar hætt er á kúrnum en gera má ráð fyrir að sama tölfræði eigi við um Weight Watchers kúrinn og aðra kúra sem þýðir að aðeins um fimm prósent viðhalda þyngdartapi til frambúðar. Eftir-myndin er því ekki raunhæfur mælikvarði á varanlegt þyngdartap nema hún sé endurnýjuð reglulega með sömu niðurstöðum. Svo er líka hægt að prófa að birta frekar fyrir- og eftir-dagbókarfærslur þar sem áherslan er á líðan viðfangsefnisins þar sem við vitum að þótt brosið sé bjart á ljósmynd gefur það ekki endilega til kynna raunverulega líðan.


Stofnandi Weight Watchers, Jean Nidetch, árið 1965 en nú hefur fyrirtækið ákveðið að hætta að nota fyrir- og eftir-myndir í auglýsingaherferðum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS




Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fréttablaðið.is - stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ

# Lífeyrissjóðir

ÞRIÐJUDAGUR 20. FEBRÚAR 2018
Kynningar: Arion banki, Landssamtök lífeyrissjóða



„Flest almennt launafólk átti engin lífeyrisréttindi önnur en úr almannatryggingum sem voru svo lág að útilokað var að draga fram lífið á þeim," segir Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ.
MYND/ANTON BRINK

## Viðamikið framfaraverkefni

**Bág kjör almenns launafólks á efri árum kölluðu á stofnun lífeyrissjóða á sínum tíma. Grundvöllinn að núverandi lífeyrissjóðakerfi má rekja til kjarasamninganna árið 1969 milli ASÍ og VSÍ.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Rekja má grundvöll núverandi lífeyrissjóðakerfis til ársins 1969 þegar samið var um það í kjarasamningum milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasambandsins (VSÍ) að setja á fót atvinnutengda lífeyrissjóði með skylduaðild.

Það voru fyrst og fremst bág kjör almenns launafólks á efri árum sem kölluðu á stofnun lífeyrissjóðanna að sögn Hennýjar Hinz, deildarstjóra hagdeildar ASÍ. „Þegar samið var um stofnun almennra lífeyrissjóða árið 1969 voru einungis starfræktir lífeyrissjóðir fyrir tiltekna hópa á vinnumarkaði. Flest almennt launafólk átti engin lífeyrisréttindi önnur en úr almannatryggingum sem voru svo lág að útilokað var að draga fram lífið á þeim. Fyrir stóra hópa eldra fólks þýddi þetta að því stóð ekki annað til boða en að stunda áfram vinnu þrátt fyrir háan aldur eða missa alfarið fjárhagslegt sjálfstæði sitt."

Til að setja þetta í samhengi segir Henný að árið 1969 hafi mánaðarlegar greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega verið innan við fimmtungur af meðalmánaðarlaunum fullvinnandi verkamanns. „Ef við heimfærum þetta á daginn í dag þá væri það sambærilegt því að stór hluti ellilífeyrisþega fengi innan við 100.000 krónur í lífeyri á mánuði."

### Kallaði á breytingar

Slík staða kallaði eðlilega á baráttu fyrir breytingum og kröfuna um stofnun lífeyrissjóða fyrir allt launafólk á vinnumarkaði. „Samningurinn frá 1969 skyldaði alla launagreiðendur til þess að taka þátt í að greiða í lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína og tryggja þeim þannig lífeyrisréttindi við starfslok vegna aldurs eða örorku og sömuleiðis eftirlifandi maka og börnum lífeyri við andlát."

Hún segir forystufólk verkalýðshreyfingarinnar sem barðist fyrir þessum réttindum hafa sýnt þar mikla framsýni því fyrir lá að verkefnið var mjög viðamikið. Lífeyrissjóðakerfi sem byggist á sjóðssöfnun, þar sem hver kynslóð safnar réttindum á starfsævinni, yrði ekki fullburða á einni nóttu. Það tæki a.m.k. heila starfsævi að fullþroska slíkt kerfi. „Við stofnun sjóðanna voru gerðar mikilvægar ráðstafanir til að flýta réttindaávinnslu þeirra sem eldri voru til að tryggja þeim bætt kjör við starfslok. Því veittu sjóðirnir upphaflega öllum sjóðfélögum sömu lífeyrisréttindi fyrir sömu iðgjöld án tillits til aldurs greiðanda, þrátt fyrir að ljóst væri að iðgjöld þeirra sem eldri voru myndu ávaxtast skemur í sjóðnum en þeirra sem yngri voru."

Í þessu fyrirkomulagi fólst hugmynd um samtryggingu launafólks segir Henný. „Þannig var hægt að hraða því að þeir sem komnir voru fram yfir miðjan aldur byggðu upp réttindi. Á móti fékk yngra fólk afkomutryggingu í sjóðunum ef það lenti í áföllum, slysum eða andláti, í gegnum örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri."

### Ýmsar breytingar

Frá árinu 1969 hafa ýmsar stórar breytingar verið gerðar á lífeyrissjóðakerfinu. „Árið 1974 voru fyrst sett lög um skylduaðild allra að lífeyrissjóðum sem var mikilvægur áfangi. Í upphafi var aðeins greitt af dagvinnulaunum í lífeyrissjóð en 1990 var samið um að greitt skyldi af öllum launum."

Árið 1997 var sett ný heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem inntak skyldutryggingarinnar var skilgreint, sett almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða og heimildum þeirra til fjárfestinga og kveðið á um eftirlit með lífeyrissjóðum.

Árið 2000 var í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði samið um framlög í frjálsan viðbótarlífeyrissparnað. „Þar með gat launafólk lagt 2% af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað og var um leið tryggt 2% mótframlag frá atvinnurekanda. Með þessu var lagður grunnur að þriðju stoðinni í lífeyriskerfinu."

Á árunum 2004 og 2005 var samið um að taka upp aldurstengd réttindi þannig að meiri réttindi fengust fyrir þau iðgjöld sem greidd eru snemma á ævinni og ávaxtast lengur í sjóðunum. Þetta var mikilvægur liður í að tryggja sjálfbærni sjóðanna til lengri tíma að sögn Hennýjar.

# Góð tilfinning að hafa yfirsýn yfir lífeyrismálin

Fyrir nokkrum mánuðum opnaði Arion banki Mínar síður – sjóðfélagavef á arionbanki.is/minarsidur. Þar geta þeir einstaklingar, sem eiga lífeyrissparnað í Frjálsa lífeyrissjóðnum, Lífeyrisauka, Eftirlaunasjóði FÍA, LSB og Lífeyrissjóði Rangæinga, séð yfirlit yfir stöðu sína.

Helga Sveinbjörnsdóttir, þjónustustjóri Reksturs lífeyrissjóða hjá Arion banka, segir þörfina á rafrænu aðgengi að lífeyrissparnaði brýna í nútímasamfélagi. Auk þess að fá yfirsýn yfir lífeyrismál sín, sé hægt að framkvæma ýmsar aðgerðir rafrænt, sem áður var eingöngu hægt með notkun eyðublaða s.s. að gera nýjan samning, breyta samningi, skrá nýjan launagreiðanda, skoða útgreiðslur, skrá nýtt netfang og afþakka pappírsyfirlit. Síðast en ekki síst fæst aðgengi að Lífeyrisgáttinni sem hefur að geyma uppsöfnuð réttindi allra lífeyrissjóða sem einstaklingurinn hefur greitt í um starfsævina.

Helga er mjög ánægð með viðtökurnar. „Viðtökur hafa farið fram úr björtustu vonum og m.a. borist ánægjuraddir frá einstaklingum sem höfðu greitt í marga sjóði, þeir eru ánægðir yfir að sjá stöðu sína svart á hvítu, sem áður var óljós. Sumir hafa tekið ákvörðun um að auka sparnað sinn með einhverjum hætti, en aðrir verið sáttir við sitt. Það sem stendur upp úr er að flestir finna til léttis með aukinni yfirsýn,“ segir Helga og bætir við að sífellt fleiri nýti sér þær rafrænu aðgerðir sem boðið er upp á.


Helga Sveinbjörnsdóttir þjónustustjóri Reksturs lífeyrissjóða hjá Arion banka. MYND/ERNIR

### Geta einhverjir valið sér lífeyrissjóð?

„Fjölmörgum einstaklingum á vinnumarkaði er skylt að greiða í ákveðna lífeyrissjóði samkvæmt kjarasamningum, en margir stjórnendur, sjálfstæðir atvinnurekendur og fleiri geta valið sér lífeyrissjóð. „Sjóðfélagar geta valið að greiða annaðhvort allt skylduiðgjaldið í 100% samtryggingarsjóð, eða í blandaðan sjóð samtryggingar og séreignar,“ útskýrir Helga. „Samtrygging er okkur nauðsynleg enda tryggir hún mikilvæg réttindi til elli-, maka-, barna- og örorkulífeyris. Helstu kostir séreignar eru hins vegar erfanleiki og sveigjanleiki í útgreiðslum. Sífellt fleiri kjósa blandaða sjóði sem sameina kosti samtryggingar og séreignar. Hægt er að skrá sig í skyldulífeyrissparnað á Mínum síðum Frjálsa lífeyrissjóðsins en hann er blandaður sjóður,“ segir Helga.

### Hafa einstaklingar val um hvernig þeir ráðstafa hærra mótframlagi?

Helga segir að mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð hækki nú í áföngum úr 8% í 11,5% hjá þeim fjölmörgu einstaklingum sem starfa skv. kjarasamningum ASÍ og SA. „Einstaklingar ráða hvort hækkunin fer í samtryggingu í sama sjóði, sem gefur aukna tryggingavernd, eða í tilgreinda séreign í sama eða öðrum sjóði og dreifa þannig áhættu, nýta sér sveigjanleika í útgreiðslu og erfanleika. Á Mínum síðum Frjálsa lífeyrissjóðsins geta sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða gert samning um tilgreinda séreign fyrir hækkað mótframlag,“ segir Helga.

### Viðbótarlífeyrissparnaður – frábær leið til að fá 2% launahækkun

„Upphaflegt markmið viðbótarlífeyrissparnaðar var að auka fjárhagslegt frelsi við starfslok, en síðustu ár hefur verið aukin áhersla á skattfrjálsar útgreiðslur til fasteignakaupa og niðurgreiðslu fasteignaláns, sem einnig er frábær kostur,“ segir Helga. „Það hafa allir val um hvort og í hvaða sjóð þeir greiða viðbótarlífeyrissparnað. Sumir kjósa að leggja fyrir með öðrum hætti, en

> **Ég hvet þá sem eiga lífeyrissparnað í ofangreindum sjóðum til að fara inn á arionbanki.is/minarsidur til að fá yfirsýn yfir sín lífeyrismál.**

stærsti kostur viðbótarlífeyrissparnaðar umfram annan sparnað, er 2% mótframlag launagreiðanda. Hægt er að gera samning um viðbótarlífeyrissparnað á Mínum síðum Lífeyrisauka og Frjálsa lífeyrissjóðsins, en viðbótarlífeyrissparnaður er erfanleg séreign“.

Helga leggur áherslu á að fólk sé meðvitað um lífeyrissparnaðinn sinn, þekki í hvaða sjóði það hefur greitt og þekki valkosti sína. „Ég hvet þá sem eiga lífeyrissparnað í ofangreindum sjóðum til að fara inn á arionbanki.is/minarsidur til að fá yfirsýn yfir sín lífeyrismál,“ segir Helga. „Aðra hvet ég til að skoða sína sjóði á lifeyrisgattin.is. Loks mæli ég eindregið með því að sem flestir kanni hvort þeir hafi val í lífeyrismálum, því fyrr á starfsævinni, því betra. Aðalatriðið er að þeir sem hafa val, kynni sér þá valkosti sem í boði eru t.d. á lifeyrismal.is, skoði betur þá sjóði sem þeim finnst vænlegastir og taki upplýsta ákvörðun sem þeir geta verið sáttir við. Markmiðið er að eiga gott og áhyggjulaust ævikvöld.“

# Hlakkar til að fara á eftirlaun

Nanna Rögnvaldardóttir hefur verið á vinnumarkaðnum frá því hún lauk menntaskóla um tvítugt. Hún hlakkar til að fara á eftirlaun. Nanna er að verða 61 árs og ætlar að hætta að vinna 65 ára.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Flestir kvíða því að hætta að vinna en svo er ekki um Nönnu. „Nei, ég hlakka mikið til,“ segir hún. „Þótt mér þyki skemmtilegt í vinnunni er svo ótrúlega margt annað sem mig langar líka til að gera. Ég held að það verði mjög skemmtilegt að ráða tíma sínum sjálfur og gera eitt og annað sem mig hefur lengi langað til. Ég hef til dæmis gaman af öllu grúski,“ segir Nanna. „Ég er búin að skoða lífeyrisútreikninga og sýnist að ég geti vel hætt að vinna 65 ára. Eftir útreikningum mínum að dæma sé ég ekki betur en að ég ætti að geta lifað ágætu lífi,“ segir Nanna sem hefur alltaf greitt í lífeyrissjóð og í séreignarsparnað eftir að hann var tekinn upp. „Ég stefni á að vera skuldlaus um sjötugt og nota séreignarsparnaðinn til að gera mér það kleift.“

Nanna segir að hún hafi aldrei verið hálaunamanneskja og hún verði ekki rík af ellilaunum. „Þau munu samt duga mér ágætlega. Ég á ekki bíl sem sparar mér mikla peninga.“


Nanna segir að það verði nóg að gera hjá sér í framtíðinni þegar hún kemst á eftirlaunaaldur. MYND/ANTON BRINK

Nanna segir fæsta sem hún þekkir vera spennta fyrir að hætta á vinnumarkaðnum. „Það breytist oft þegar ég segi fólki að kanna hvað er í boði. Það hefur komið í ljós að margir vita ekki nægilega mikið um réttindi sín og þeir sem eru hættir að vinna eru jafnvel ekki að fá greiðslur sem þeir ættu rétt á. Sumir hafa komist að því eftir að hafa kynnt sér rétt sinn að þeir þurfa

> **Ég hvet alla til að kanna réttindi sín rækilega og setja inn mismunandi forsendur í reiknivélar Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða.**

ekki endilega að vinna til sjötugs. Ég græði sjálf nánast ekkert á því að vinna til 67 ára miðað við það sem ég fæ úr lífeyrissjóði og tryggingum 65 ára. Það á auðvitað ekki við um alla en miðað við þau réttindi sem ég hef áunnið mér kemur þetta svona út þannig að ég hvet alla til að kanna réttindi sín rækilega og setja inn mismunandi forsendur í reiknivélar Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða.“

Nanna er þekkt fyrir matreiðslubækurnar sínar en þær eru orðnar tuttugu talsins. Fyrsta bók hennar, Matarást, kom út árið 1998 og var endurútgefin nú fyrir jólin. Hana langar að skrifa fleiri bækur og hafa nægan tíma til þess. „Ég ætla ekki að sitja auðum höndum. Ég á mörg áhugamál og býst við að hafa nóg að gera þótt ég hætti að vinna. Mér finnst til dæmis gaman að ferðast og langar til að gera meira af því,“ segir Nanna sem hefur verið dugleg að ferðast á undanförnum árum. „Ætli ég reyni ekki að ferðast á einhverja staði sem ég hef aldrei komið á. Reyndar er ég á leið í matarferð til Armeníu í vor. Mér finnst það spennandi enda er Armenía land með mikla sögu og menningu.

Þegar ég skrifa bækurnar mínar er ég að gera það utan vinnutíma. Þar fyrir utan tek ég sjálf myndirnar og á veturna þarf ég að gera það um helgar til að geta nýtt dagsbirtuna. Það verður þægilegt að ráða tíma sínum. Ég mun haga lífi mínu eftir því sem hentar mér best,“ segir hún. „Ég geng með margar hugmyndir að bókum, hvort af þeim verður kemur síðan í ljós. Mig langar að skrifa eitthvað um sumar formæður mínar sem áttu merkilega sögu. Hvort úr verði bók veit ég hins vegar ekki. Ég hlakka mikið til að fara að grúska í þessari sögu og ég kvíði ekki ellinni,“ segir Nanna Rögnvaldar.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

Þetta er engin spurning

# Viðbótarlífeyrir er nauðsyn




Tryggir þína framtíð

Allianz

Allianz Ísland hf. | Dalshrauni 3 | 220 Hafnarfirði | 595 3400 | allianz@allianz.is | allianz.is

# Mikilvægt að þekkja réttindi sín

Algengt er að fólk geri engan greinarmun á almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Landssamtök lífeyrissjóða eru regnhlífarsamtök lífeyrissjóða landsins og Þórey S. Þórðardóttir er framkvæmdastjóri samtakanna.



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, vill fræða almenning um lífeyrissjóðakerfið.

Við höfum orðið vör við að allt of algengt er að fólk þekki ekki réttindi sín og gerir lítinn sem engan greinarmun á lífeyrissjóðum og almannatryggingum," segir Þórey. „Við teljum að það sé mjög mikilvægt að fólk viti um hvað lífeyrissjóðirnir snúast, og hvaða réttindi þeir veita. Með lífeyrissjóðakerfinu er verið að tryggja að allir fái eftirlaun eftir starfslok, en svo er líka áfallalífeyrir ef þú verður fyrir einhverjum skakkaföllum á lífsleiðinni eins og makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þetta er eiginlega víðtæk skyldutrygging sem venjulegt tryggingafélag myndi aldrei veita eða geta veitt."

Þórey segir mjög mikilvægt að fólk fari yfir réttindi sín og átti sig á stöðunni og meti hvort þessar tryggingar séu fullnægjandi. „Ég vil benda fólki á að byrja á því að líta á Lífeyrisgáttina þar sem hægt er að fá heildstætt yfirlit yfir öll réttindi í samtryggingarsjóðum. Jafnframt má nefna að ef hjón og sambúðarfólk hafa mismunandi réttindi vilji þau kannski jafna stöðuna og gera samkomulag sín á milli um skiptingu á eftirlaunum, til dæmis ef annað hefur unnið sér inn meiri réttindi en hitt svo sem vegna barneigna.

Áherslan hjá okkur núna er að fræða almenning um lífeyrissjóðakerfið og stuðla að hagræðingu í kerfinu."

Þórey bendir einnig á að mikilvægt sé að átta sig á því hvernig samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða er háttað. „Sem dæmi má nefna tekjutengingar. Lífeyrissjóðir skerða ekki greiðslur vegna annarra tekna heldur er það almannatryggingakerfið sem gerir það. Það er hlutverk landssamtakanna að standa vörð um réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum og því verðum við að berjast gegn þeim miklu tekjutengingum sem tíðkast í dag."

Til að auka þekkingu á lífeyrissjóðakerfinu eru Landssamtök lífeyrissjóða þátttakendur í verkefninu Fjármálaviti sem er fjármálafræðsla fyrir efstu bekki grunnskóla. „Þar er tilgangurinn að koma grunnþekkingu til nemenda og svo erum við jafnframt í samstarfi við ASÍ um fræðslu í framhaldsskólum."

Lífeyriskerfi byggist upp á löngum tíma og því mikilvægt að hafa skýra langtímastefnu. Landssamtökin leitast því við að fylgjast með helstu straumum og stefnum varðandi lífeyrismál erlendis til að tryggja að við getum lært af alþjóðasamfélaginu.

Þórey vill benda á heimasíðuna lifeyrismal.is. „Þar er mikið af fróðlegu efni um lífeyrismál og hægt að finna svör við algengum spurningum, bæði á íslensku, ensku og pólsku. Nú er það alltaf að aukast að hér séu erlendir starfsmenn að borga í kerfið og við teljum mikilvægt að upplýsingar séu aðgengilegar."

Landssamtök lífeyrissjóða eru regnhlífarsamtök allra lífeyrissjóða landsins. „Það er gott að fá gagnrýni ef hún er uppbyggileg og til góðs en til að svo geti orðið er grundvallaratriði að almenningur hafi þekkingu á starfsemi lífeyrissjóða og viti hvaða réttindi þeir veita sjóðfélögum og fjölskyldum þeirra," segir Þórey að lokum.



Við vörpum ljósi á lífeyrismálin
Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA




# HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum









## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.

## GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnst að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Fríform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Fríform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# Á magann strax við fæðingu

**Valný Óttarsdóttir iðjuþjálfi og ungbarnasundkennari býður upp á fræðslu og leikfimi fyrir ungbörn og foreldra þeirra í Menningarhúsi í Spönginni í dag. Mikilvægt sé að styrkja bak og háls barna.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Ég verð með eitthvað af áhöldum með mér og sýni fólki hvað hægt er að gera með yngstu börnunum, þriggja til átján mánaða, og útskýri einnig af hverju við erum að gera þessar æfingar með þeim,“ segir Valný Óttarsdóttir, iðjuþjálfi og ungbarnasundkennari, en hún verður með fræðslu og leikfimi fyrir ungbörn milli klukkan 14 og 15 í dag, í Menningarhúsinu í Spönginni.

Valný er stofnandi Krílafimi og segir að með því að örva og styrkja ungbörn megi hafa áhrif á það hvernig taugakerfi þeirra þróast, bæta athygli þeirra og minni, auk þess sem hreyfigeta virðist verða meiri. Allt geti þetta haft áhrif á vitsmunalegan, félagslegan og líkamlegan þroska barnsins



Valný Óttarsdóttir iðjuþjálfi, ungbarnasundkennari og stofnandi Krílafimi verður með ókeypis ungbarnaleikfimi í Spönginni í dag. MYND/VILHELM

### Styrkja bak og háls

„Aðalatriðið er örvun og einnig ætti fólk að byrja strax, alveg frá því að börn koma í heiminn, að vinna með þau á maganum. Ekki endilega leggja þau á gólfið, heldur láta þau liggja á bringunni á okkur og styrkja sig þannig,“ útskýrir Valný. Ung börn eyði miklum tíma liggjandi á bakinu en sú staða bjóði ekki upp á mikla hreyfingu.

„Börn eiga að sofa á bakinu og við leggjum þau á bakið í vagninn og í bílstólinn. Á móti verðum við því að vera duglegri að láta þau á magann einhverja stund öðru hvoru. Þannig styrkja þau bolinn, vöðvana í bakinu og í hálsinum og fá betri hreyfigetu,“ segir Valný. „Okkur kann að finnast óþægilegt að leggja þessi yngstu á magann og það á ekki að hafa þau lengi í einu á maganum og ávallt á að vera hjá þeim. Tímann á svo að auka eftir því sem þau eldast.“

### Skiptir máli fyrir seinni tíma

Valný segir nauðsynlegt að þjálfa grunnþætti í þroska miðtaugakerfisins snemma á ævinni. Það sé undirstaða hreyfiþroska síðar.

„Rannsakendur vilja meina að þetta hafi áhrif til dæmis á lestur og skrift. Þessi krossun sem verður þegar krakkar fara að skríða til dæmis skiptir svo miklu máli. Við vinnum einmitt með það í krílafiminni að setja hönd fram á móti fæti og krossa. Þetta gengur erfiðlega hjá fleirum en okkur grunar en þessa hæfni má auðveldlega þjálfa upp. Ef þessar tengingar hafa aldrei átt sér stað geta krakkar átt erfitt með samhæfingu handa síðar meir, að reima skó til dæmis og skrifa og eiga jafnvel erfitt með að læra að lesa því þau ná ekki að lesa frá vinstri til hægri. Fyrstu mánuðirnir virðast skipta miklu máli í lífi okkar allra.“



Valný segir ung börn eyða miklum tíma liggjandi á bakinu en sú staða bjóði ekki upp á mikla hreyfingu. Börnin styrki bak og háls liggjandi á maganum.

> **Einnig ætti fólk að byrja strax, alveg frá því að börn koma í heiminn, að vinna með þau á maganum. Ekki endilega leggja þau á gólfið, heldur láta þau liggja á bringunni á okkur og styrkja sig þannig.**

### Leikir með söng

„Markmiðið með tímanum er að örva öll skynfærin. Þá syngjum við saman og förum í leiki. Börn eru félagslynd og hafa gaman af því að sjá önnur börn og kjá framan í hvert annað. Í lok tímans örvum við snertiskyn barnanna með strokum eða nuddi. Og þá er ég með jógalega tónlist, vatnshljóð og fleira til að örva hlustun og heyrn,“ segir Valný.

Aðgangur í tímann er ókeypis og allir velkomnir í Menningarhúsið Spönginni milli klukkan 14 og 15 í dag.

FERMINGARBLAÐIÐ

**Veglegt sérblað Fréttablaðsins**
um fermingar kemur út 27. febrúar nk.
Allt sem viðkemur fermingunni og miklu miklu meira.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss**
**í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402**
**eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


HETTUPEYSA
9.900
HIGH RISEY SKINNY
12.990
LIVE IN LEVI'S
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
KIA Sportage EX+. Dísel, Sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja. Verð 4.990.000. Rnr.136405.



**100% LÁN**
SUZUKI SX4 GLX 4X4. Árgerð 2012, ekinn 132 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.450.000. Rnr.162944.



**100% LÁN**
LAND ROVER Freelander 2 HSE. Árg 2007, ekinn 166 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.150261.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
BMW X3 3.0i. Árgerð 2004, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. TILBOÐ 990.000. Rnr.136645.



**100% LÁN**
SUZUKI Swift Sjálfskiptur. Árgerð 2009, ekinn 104 Þ.KM, TILBOÐSVERÐ 850.000. Rnr.150082.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**TRÉSMIÐUR**
Þarft þú að gera endurbætur á eigninni þinni, fáðu tilboð í það sem þú þarft að framkvæma.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu jafnt innan sem utan dyra. Til dæmis uppsettning innréttinga, milliveggja, hurða, parketlögn, gler skipti, þakjárn, utanhúsklæðningu, sólpalla og margt fl.

Uppl. í s: 8931901

Svanur Tómasson Húsasmiður

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Þakpappaverk**
**Eitt besta verðið**
**S. 778 8322**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Ábendingahnappinn má finna á
**www.barnaheill.is**
SAFT




**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUR TIL LEIGU!**
og líka stærri skrifstofurými fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Bæði í Borgartúni og Síðumúla í snyrtilegu húsnæði með aðgengi að sameiginlegu rými.

Hægt að leigja án eða með húsgögnum. Verð frá 80 þús.

Allar upplýsingar veitir Einar í síma 861 7200 eða á netfangi einar@efnividur.is

## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444










## Atvinna

## Kopar restaurant

**auglýsir eftir og leitar að matreiðslunema, einstaklingi sem hefur ástríðu og áhuga á matargerð, er duglegur, hress og stundvís. Íslensku mælandi skilyrði.***

Áhugasamir sendi fyrirspurnir, ferilskrá og umsókn á Ylfu á netfangið koparumsokn@gmail.com

Kopar Restaurant er veitingastaður iðandi af mannlífi með einstakri stemmningu, staðsettur við gömlu höfnina í Reykjavík.
Á staðnum starfar flottur hópur starfsfólks sem hefur hlotið verðlaun og viðurkenningu fyrir störf sín á sviði matreiðslu.

**Sjá nánar á www. koparrestaurant.is**
*Fluent Icelandic is a condition.

KOPAR

## SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**







## Tilkynningar

## Auglýsing
## Teigarhorn í Djúpavogshreppi deiliskipulagstillaga

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 16. nóvember 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á Teigarhorni, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 2.230 ha og nær yfir allt land innan marka Teigarhorns og land Djúpavogshrepps upp af Eyfreyjunesvík. Teigarhorn er friðlýst náttúruvætti og fólkvangur, og gerir deiliskipulagstillagan ráð fyrir uppbyggingu innviða í þágu ferðaþjónustu og verndunar á svæðinu, s.s. uppbyggingu þjónustumiðstöðvar, bíla- og rútustæða og göngustíga.

Skipulagsuppdrættir ásamt greinargerð munu liggja frammi til kynningar í skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi frá 20. febrúar til 3. apríl 2018. Einnig mun tillagan vera aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is undir tenglinum Skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á netfangið sveitarstjori@djupivogur.is, eigi síðar en 3. apríl 2017. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

**Sveitarstjóri Djúpavogshrepps**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með endurauglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kirkjustétt 2-6

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-6 við Kirkjustétt. Erindi var lagt á ný fyrir fund borgarráðs þann 15. febrúar 2018 og var samþykkt að endurauglýsa erindið. Í breytingunni felst m.a. að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús 1 - 3 hæðir, hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður, bætt er við heimild fyrir íbúðir á 2. - 3. hæð húsa númer 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hólmsheiðarvegur 151

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Landsnets á Hólmsheiði, Hólmsheiðarvegur 151. Erindi var lagt á ný fyrir fund borgarráðs þann 15. febrúar 2018 og var samþykkt að endurauglýsa erindið. Í breytingunni felst m.a. að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymsluhúsnæði sunnarlega á lóðinni, heimilt verði að girða bygginguna af með tveggja metra hárri girðingu og bílastæði verða færð til og þeim komið fyrir norðar á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 20. febrúar 2018 til og með 3. apríl 2018**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 3. apríl 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. febrúar 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Brestur markastíflan hjá Messi gegn Chelsea loksins í kvöld?

**FÓTBOLTI** Einn besti knattspyrnumaður heims, Lionel Messi, leiðir sína menn út á Stamford Bridge í kvöld í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þessi ótrúlegi markahrókur hefur hrellt öll lið Evrópu, nema Chelsea sem virðist alltaf eiga lausnir til að stöðva hann.

Útsláttarkeppni Meistaradeildar Evrópu heldur áfram í kvöld þegar 16-liða úrslitin fara af stað á ný en ein stærsta viðureign umferðarinnar er þegar Chelsea og Barcelona mætast og fer fyrri leikurinn fram í Lundúnum.

Er þetta í tíunda skiptið sem Lionel Messi leikur gegn Chelsea í þessari sterkustu deild Evrópu en það magnaða er að honum hefur ekki enn tekist að skora mark í þessum leikjum. Aðeins einn leikur hefur unnist en sá sigur kom fyrir tólf árum.

**Þrír stjórar, engin mörk**
Þrátt fyrir að Chelsea hafi haft þrjá mismunandi knattspyrnustjóra í leikjunum tíu hafa þeir allir átt svör gegn þessum mikla markahrók sem hefur skorað 534 mörk í 620 leikjum fyrir Börsunga. Kom besta færi hans til að skora hjá Chelsea þegar þessi lið mættust í undanúrslitum þessarar keppni fyrir sex árum en vítaspyrna hans fór í slána. Það reyndist Börsungum dýrkeypt þar sem Fernando Torres sendi Chelsea í úrslitaleikinn með marki í uppbótartíma sem leiddi til fyrsta og eina Meistaradeildartitils félagsins.

**Gengið vel gegn öðrum enskum**
Messi hefur gengið vel gegn öðrum enskum liðum. Í sextán leikjum gegn Arsenal og Manchester-liðunum tveimur hefur hann unnið ellefu leiki og skorað sautján mörk en Chelsea virðist alltaf eiga lausn gegn honum.

Messi hefur ekki skorað á 665 mínútum gegn enska félaginu en fær nú 180 mínútur til viðbótar til að brjóta ísinn gegn Chelsea.

**Courtois með númerið hjá Messi**
Messi átti í stökustu vandræðum með að koma boltanum fram hjá Petr Cech er hann lék með Chelsea en þetta er í fyrsta skiptið sem hann mætir enska félaginu með Thibaut Courtois í markinu. Framan af virtist Messi vera martröð fyrir Courtois er hann skoraði sex af ellefu mörkum Barcelona í aðeins þremur leikjum gegn Courtois þegar hann var hjá Atletico Madrid í láni.

Þá virtist Courtois finna töfralausnina þar sem Messi mistókst í næstu átta tilraunum að skora fram hjá belgíska markverðinum hjá Barcelona og með argentínska landsliðinu. – kpt


**Lionel Messi hefur ekki gengið vel á móti Chelsea í gegnum árin.** NORDICPHOTOS/GETTY

9

leiki hefur Lionel Messi leikið gegn Chelsea. Hann hefur aldrei skorað gegn Lundúnaliðinu.

» Barcelona hefur komist í 8-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu allar götur síðan 2008.

» Lionel Messi vantar aðeins þrjú mörk til að komast í 100 marka klúbbinn í Meistaradeildinni.


## Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. verður haldinn kl. 15.00, þriðjudaginn 13. mars 2018 í Þingsal 3 á Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

**Dagskrá fundar**

1. Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
   a. Tillaga um óbreytta starfskjarastefnu félagsins.
   b. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
   c. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
5. Kjör stjórnarmanna félagsins.
6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar fyrir komandi starfsár.
8. Önnur mál, löglega upp borin.

**Upplýsingar**

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.reitir.is/adalfundir. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið adalfundur@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 fimmtudaginn 8. mars 2018.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, laugardaginn 3. mars 2018. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@reitir.is og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, þriðjudaginn 6. mars 2018, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykkta félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14:20 á aðalfundardag.

**Reykjavík, 12. febrúar 2018**
**Stjórn Reita fasteignafélags hf.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Kringlan 4–12
103 Reykjavík
www.reitir.is
575 9000

REITIR
Velkomin til starfa



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Magnúsína Bjarnadóttir**
Stórholti 26,

lést mánudaginn 5. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag einstakra barna.

**Sólrún og Heiða Ragnarsdætur, tengdasynir, barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Sigurlásdóttir**
Fossvegi 10, Selfossi,

lést á heimili sínu 10. febrúar sl. og verður jarðsungin fimmtudaginn 22. feb. kl. 14 frá Selfosskirkju.

**Gestur Haraldsson — Kristbjörg Óladóttir**
**Erla Haraldsdóttir — Kristinn Bjarnason**
**Sigþór Haraldsson**
**Birgir Haraldsson — Margrét Auðunsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**Kristín Marsibil Aðalbjörnsdóttir**
frá Siglufirði

lést 12. febrúar á dvalarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 22. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíð í Kópavogi (skrifstofan).

**Aðstandendur**


*Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


# Nýtt verk Gerði til heiðurs

**Nokkrir listvinir Kópavogskirkju hafa ákveðið að efna til styrktartónleika annað kvöld vegna stórviðgerða á hinum steindu gluggum kirkjunnar eftir Gerði Helgadóttur.**

Martial Naredau flautuleikari gerði sér lítið fyrir og samdi verk sem frumflutt verður á tónleikum í Kópavogskirkju annað kvöld til fjáröflunar fyrir viðgerðir á gluggum kirkjunnar. „Hún María Jónsdóttir söngkona, sem sér um tónleikana, hafði samband við mig í haust og bað mig að taka þátt,“ segir hann. „Þar sem tónskáldið John Speight samdi verk til heiðurs Gerði vegna viðgerða á gluggum Skálholtskirkju datt mér í hug að gera slíkt hið sama fyrir Kópavogskirkju. Verkið mitt heitir Gerður og er skrifað með vini mína á Kársnesinu í huga fyrir flautu, fiðlu, lágfiðlu, hörpu, orgel og píanó. Kaflarnir heita Austur, Vestur, Norður og Suður og taka mið af gluggunum, til dæmis er norðurglugginn dökkur og það litar kaflann Norður.“ Martial segir einn hvatann að verkinu vera þann að Gerður hafi starfað mikið í hans gamla heimalandi, Frakklandi.

Gunnar Guðbjörnsson er einn söngvaranna sem koma fram á tónleikunum. Hann kveðst hafa átt heima á Kópavogsbrautinni fyrstu sjö árin sín.



**Martal Nardiau flautuleikari.**



**Gunnar Guðbjörnsson söngvari.**

„Kópavogskirkja er svolítið kirkjan mín því ein af fyrstu minningunum er heimsókn í hana,“ segir hann. „Konan mín vinnur líka í Gerðarsafni og ég á margar ferðir þangað, þá lít ég til kirkjunnar sem ég hef alltaf borið tilfinningar til.“

Með tónleikunum leggst listafólkið á sveif með sóknarnefndinni sem er með söfnunarátak enda viðgerðirnar kostnaðarsamar. Miðaverð er 3.500 krónur og allur ágóði rennur óskertur til verkefnisins. **gun@frettabladid.is**



**Gluggar kirkjunnar eru tilkomumiklir.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásthildur Ólafsdóttir**
Hafnarfirði,

andaðist á Sólvangi 11. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju mánudaginn 5. mars kl. 13.

**Ólafur Þ. Harðarson — Hjördís Smith**
**Sigrún Á. Harðardóttir**
**Tryggvi Harðarson — Edda S. Árnadóttir**
**Ragnhildur G. Harðardóttir — Sigurður G. Þorláksson**
**Elín Soffía Harðardóttir — Sigurjón Gunnarsson**
**Kristín Bessa Harðardóttir — Bjarni Sigurðsson**
**Guðrún Harðardóttir — Tryggvi Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórhalla Karlsdóttir**
Stigahlíð 36,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ fimmtudaginn 15. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Austmann — Þórarinn Magnússon**
**Helga Austmann — Guðlaugur H. Sigurgeirsson**
**Eymundur Jóhannsson — Emilía Sveinbjörnsdóttir**
**Viðar Austmann**
**Elfa Dís Austmann — Páll Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Björn Már Sveinbjörnsson**
tæknifræðingur

lést í Kenýa 10. febrúar sl. Útför hans verður auglýst síðar.

**Sveinbjörn Björnsson**
**Einar Örn Sveinbjörnsson — Guðrún Karls Helgudóttir**
**Birna Þorvaldsdóttir — Gunnar Júlíusson**
**Þorvaldur Bragason — Guðrún Jóhannsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

**Styrmir Haukdal Kristinsson**

lést þriðjudaginn 13. febrúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 26. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp.

**Kristinn Haukdal Styrmisson**
**Ólafía Bjarnadóttir — Ivan Jankovic**
**Ragna Lóa Guðmundsdóttir — Karl Sigurjónsson**
**Eva Lilja Jankovic — Sara Sóley Jankovic**
**Aleksandra Rós Jankovic**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Una Sigríður Gunnarsdóttir**
frá Bakkagerði, Reyðarfirði,

andaðist á dvalarheimilinu Uppsölum á Fáskrúðsfirði fimmtudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 24. febrúar kl. 14.00.

**Andrés Friðrik Árnmarsson — Ósk Svavarsdóttir**
**Guðbjörg Friðriksdóttir**
**Margrét Árnmarsdóttir — Benedikt Stefánsson**
**Guðlaug S. Árnmarsdóttir — Gylfi Óskarsson**
**Pétur Árnmarsson — Anna Sigríður Ingimarsdóttir**
**Anna Jóna Árnmarsdóttir — Guðmundur J. Pétursson**
**Guðný Fjóla Árnmarsdóttir — Unnar Eiríksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sóley Jónsdóttir**
Hafnarstræti 63, Sjónarhæð, Akureyri,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 23. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug. Guð blessi ykkur öll.

**Jón Hilmar Magnússon**
**Helga G. Hilmarsdóttir Gerðalið — Össur Gerðalið**
**Hanna B. Hilmarsdóttir — Jákup N. Purkhús**
**Fjóla Hilmarsdóttir**
**Rósa M. Hilmarsdóttir Hammer — Heri M. Hammer**
**Lilja M. Hilmarsdóttir Mörköre — David Mörköre**
**Magnús Jón Hilmarsson**
**Árni Stefán Hilmarsson**




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Allhvöss suðvestanátt með slydduéljum eða éljum um landið vestanvert en hálfskýjað og sólarglennur austan til. Kólnar smám saman og frystir víðast hvar um kvöldið.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -3° | -0° |
| ↖ 25 | ← 23 | ↖ 15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -1° |
| ↖ 17 | ↖ 13 | ↖ 35 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -6° | -2° |
| ↑ 14 | ↑ 8 | ↗ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | -1° | -8° |
| ↑ 12 | ↗ 7 | ↑ 17 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. tormerki
5. halli
6. átt
8. salli
10. kliður
11. samræða
12. mynt
13. dautt
15. einskær
17. þátttakandi

**LÓÐRÉTT**
1. skrumskæla
2. prjál
3. holufiskur
4. út
7. þjappari
9. bein
12. ljár
14. árkvísla
16. drykkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. agnúi, 5. flá, 6. nv, 8. mylsna, 10. ys, 11. tal, 12. sent, 13. dáið, 15. algjör, 17. aðili.
**LÓÐRÉTT:** 1. afmynda, 2. glys, 3. nál, 4. innan, 7. valtari, 9. steðji, 12. sigð, 14. ála, 16. öl.

## Skák Gunnar Björnsson

Reinhardt átti leik gegn Finotti í Hamborg árið 1937.
**Svartur á leik**
**1. ...Hxg2+!! 2. Hxg2 Rf3+ 3. Kf2 Dxg2+! 4. Kxg2 Rxe1+ 5. Kh3 Rxc2 0-1.** Skákhátíð MótX lýkur í kvöld. Fyrir lokaumferðina voru Jóhann Hjartarson og Helgi Áss Grétarsson efstir.

**www.skak.is:** Jóhann teflir í Austurríki líka.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

















# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Frændfólkið á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Hljómsveitina Frændfólkið skipa þau Ingi Bjarni Skúlason á píanó, Oddrún Lilja Jónsdóttir á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa, Jan Kadereit á slagverk og Matthías Hemstock á trommur. Sveitin spilar nýja tónlist eftir Inga Bjarna og Oddrúnu Lilju. Tónlistin er af ýmsum toga, heimstónlist frá ýmsum heimshornum og nútímadjass. Ingi og Oddrún hafa áður unnið saman í Ósló við tónlistarháskólann þar í borg.

### Viðburðir

**Hvað?** Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðbrandur Benediktsson: Sagan á sýningu? Um aðferðafræði safna og vinnu sagnfræðinga við miðlun sögu á Sjóminjasafninu í Reykjavík
**Hvenær?** 12.05
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Í dag flytja Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðbrandur Benediktsson erindið „Sagan á sýningu? Um aðferðafræði safna og vinnu sagnfræðinga við miðlun sögu á Sjóminjasafninu í Reykjavík“. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.05 og fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Þetta er þriðja erindi þessa vormisseris í röð fyrirlestra sem Sagnfræðingafélag Íslands skipuleggur í samvinnu við Þjóðminjasafnið.

**Hvað?** Líkam-leikur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gerðarsafn
Danssmiðja fyrir alla fjölskylduna með Sögu Sigurðardóttur dansara sem leiðir þátttakendur í gegnum sýninguna Líkamleiki og skoðar vídeóverk og skúlptúra áður en dansæfingar hefjast.

**Hvað?** Teiknið, skoðið og grúskið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Náttúrufræðistofan, Kópavogi
Litir og blöð liggja frammi en það getur verið ansi gaman að hanga á Náttúrufræðistofunni og gefa ímyndunarafli lausan tauminn.



Það er alltaf hægt að skella sér að skoða Erró í Hafnarhúsinu.



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir heldur sögusmiðju fyrir krakka í Bókasafni Kópavogs í dag.

**Hvað?** Sögusmiðja
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Bókasafni Kópavogs
Sögusmiðja með Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur sem kennir krökkum á aldrinum 9 til 12 ára að búa til sögur í orðum og myndum.

**Hvað?** Skákkennsla
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Þjálfarar skákdeildar Breiðabliks kenna grunnatriði í skák. Auk þess verður bíósýning í salnum á 1. hæð.

**Hvað?** Þriðjudagsfyrirlestur – Rösk
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhúsinu, Listasafninu á Akureyri
Í dag heldur listhópurinn Rösk Þriðjudagsfyrirlestur í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi undir yfirskriftinni Listin, gjörningar og gleði. Í fyrirlestrinum mun hópurinn, sem samanstendur af Brynhildi Kristinsdóttur, Dagrúnu Matthíasdóttur, Jonnu (Jónborgu Sigurðardóttur) og Thoru Karlsdóttur, fjalla m.a. um hvernig ólíkar aðferðir þeirra sem einstaklinga kalla fram hugmyndaferli og samvinnu í listsköpun.

**Hvað?** Krílafimi á fjölskyldustund
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni
Í krílafimi verður boðið upp á fræðslu og leikfimi fyrir ungbörn þar sem aðaláherslan er að undirbúa börnin fyrir næstu skrefin í lífinu með leik, tónlist og söng. Með því að örva og styrkja ungbörn getum við haft áhrif á það hvernig taugakerfi þeirra þróast, bætt athygli þeirra og minni, auk þess sem hreyfigetan virðist verða meiri. Allt getur þetta haft áhrif á vitsmunalegan, félagslegan og líkamlegan þroska þeirra.

### Sýningar

**Hvað?** Erró: Því meira, því fegurra
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á þessari sýningu er varpað sérstöku ljósi á verk Errós sem byggjast á ofgnótt og ofmettun. Slík myndgerð hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í listsköpun hans og má rekja aftur til ungdómsverka hans. Meira en þrjátíu verk úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur – málverk, klippimyndir og kvikmyndir – sýna hvernig listamaðurinn skapar flóknar og hlaðnar myndbyggingar, sem miðla myndefni tengdu stjórnmálum, vísindum, skáldskap og listasögu.

**Hvað?** D32 Páll Haukur Björnsson: Heildin er alltaf minni en hlutar hennar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Páll Haukur er 32. listamaðurinn sem sýnir í sýningaröð D-salar sem hóf göngu sína árið 2007. Einhvers konar landslag er að finna á sýningunni, mótað af mismunandi skúlptúrum. En hvað er skúlptúr? Hvað myndar mörk staks hlutar og samband hans við annað? Páll Haukur Björnsson hefur áhuga á því að skoða þessar spurningar í gegnum skúlptúrgerð. Hann notar kyrr- og hreyfimyndir, hluti sem eru hverfulir, oftast úr náttúrunni, og varanleg, manngerð efni.

**Hvað?** Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímalistasögu [1.0]
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Efnisheimurinn er viðfangsefni nokkurra valinna verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Náttúrufyrirbæri, manngerðir hlutir og ýmiss konar efni liggja til grundvallar með tilliti til eiginleika, eðlis, merkingar og gildis. Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskri samtímalistasögu. Hugmyndin er að safnið haldi áfram að velja verk úr safneigninni og setja í samhengi tilraunar til að skrifa listasöguna jafnóðum.

## Góða skemmtun í bíó













LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER
KL. 19:25
Glæný og brakandi fersk þáttaröð úr smiðju HBO með hinum eina sanna John Oliver. Strax á eftir fréttum alla þriðjudaga.

Þrælgott Þriðjudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

BORN DIFFERENT
KL. 20:20
Áhrifamiklir og frábærir þættir um einstaklinga um heim allan sem sigrast hafa á ótrúlegustu hindrunum og láta ekkert stoppa sig.



GONE
KL. 20:45
Hörkuspennandi þættir um unga konu sem var eitt sinn fórnarlamb barnsræningja og Frank Novak sem bjargaði henni úr klóm hans á sínum tíma. Nú vinna þau saman í sérstöku teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar sem sérhæfir sig í mannránum.



STRIKE BACK
KL. 21:30
Þættirnir eru framleiddir af HBO og fjalla um liðsmenn bresku leyniþjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.




KNIGHTFALL
KL. 22:20
Ævintýraleg og spennandi þáttasería sem fjallar um síðustu daga riddara Musterisreglunnar á 14. öld.



SUFFRAGETTE
KL. 22:00
Mögnuð mynd, byggð á sannri sögu um forvígismenn femínistahreyfingarinnar með Meryl Streep og Helenu Bonham Carter í aðalhlutverkum.




THE STRAIN
KL. 22:00
Baráttan heldur áfram milli manna og vampíra sem virðast verða sterkari og sterkari með hverjum degi sem líður.



Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

365.is





# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**06.15** Six
**07.00** Myndbönd
**07.00** The Simpsons
**07.01** Myndbönd
**07.20** Teen Titans Go!
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Mr. Selfridge
**11.25** Hið blómlega bú
**12.00** Landnemarnir
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.40** Feðgar á ferð
**16.05** The Secret Life of a 4 Year Olds
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Last Week Tonight with John Oliver
**19.55** The Goldbergs
**20.20** Born Different
**20.45** Gone Hörkuspennandi þættir sem fjalla um sem Kit eða Kick Lanigan sem var eitt sinn fórnarlamb barnsræningja og Frank Novak sem bjargaði henni á sínum tíma. Í dag vinna þau saman í sérstöku teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar sem sérhæfir sig í mannránum og mannshvörfum og eru í nánu samstarfi við fyrrverandi fulltrúa í leyniþjónustu hersins. Saman ná þau oft einstökum árangri þar sem hvert þeirra hefur eitthvað sérstakt til málanna að leggja.
**21.30** Strike Back
**22.20** Knightfall
**23.05** Wrecked
**23.34** The Girlfriend Experience
**23.35** Grey's Anatomy
**00.50** Nashville
**02.05** Lethal Weapon
**02.50** Lethal Weapon
**03.35** Maggie
**05.10** Insecure
**05.40** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**09.00** FH - Valur
**10.30** Seinni bylgjan
**12.05** FA Cup 2017/2018
**13.45** FA Cup 2017/2018
**15.25** FA Cup 2017/2018
**17.05** FA Cup 2017/2018
**18.45** Ensku bikarmörkin 2017
**19.15** Meistaradeildarupphitun
**19.30** Chelsea - Barcelona
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.15** Bayern München - Besiktas

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.25** Eibar - Barcelona
**10.05** Real Betis - Real Madrid
**11.45** Spænsku mörkin 2017/2018
**12.15** Leeds - Bristol City
**13.55** Football League Show 2017/18
**14.25** FA Cup 2017/2018
**16.05** FA Cup 2017/2018
**17.45** FH - Valur
**19.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**19.40** Bayern München - Besiktas
**21.55** Chelsea - Barcelona
**23.45** Meistaradeildarmörkin
**00.45** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Last Man on Earth
**21.15** iZombie
**22.00** The Strain
**22.45** Flash
**23.30** Legend of Tomorrow 3
**00.45** Modern Family
**01.05** Seinfeld
**01.30** Friends
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Lotta í Skarkalagötu

Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Genesis Open
**12.00** PGA Highlights 2018
**12.55** Golfing World 2018
**13.45** Genesis Open
**17.45** PGA Highlights 2017
**18.40** Golfing World 2018
**19.30** Genesis Open
**00.30** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30** Truth
**12.35** The Duff
**14.15** The Intern
**16.15** Truth
**18.20** The Duff
**20.00** The Intern
**22.00** Suffragette
**23.45** Cymbeline
**01.25** Unfriended
Hrollvekja frá 2014 um hóp af vinum sem þekkjast aðeins á netinu og eru áreittir af yfirnáttúrulegri veru sem notast við netfang vinar þeirra sem er fallinn frá.
**02.50** Suffragette

## RÚV

**09.00** ÓL 2018: Listhlaup para
**11.05** ÓL 2018: Skíðaskotfimi
**12.45** ÓL 2018: Íshokkí karla
**14.30** Paradísarheimt
**15.00** Söngvakeppnin 2018
**16.30** Menningin – samantekt
**16.55** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Mói
**18.12** Vinabær Danna tígurs
**18.25** Netgullið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kveikur
**20.40** Níundi áratugurinn
**21.25** Cuckoo
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** ÓL 2018: Samantekt
**22.35** Gullkálfar
**23.35** Erfingjarnir
**00.35** Kastljós
**00.50** Menningin
**01.00** ÓL 2018: 15 km skíðaskotfimi karla
**01.55** ÓL 2018: Brun kvenna
**03.50** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Stella Blómkvist á bak við tjöldin
**14.15** Jane the Virgin
**15.00** 9JKL
**15.25** Wisdom of the Crowd
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Speechless
**20.05** The Fashion Hero
**21.00** This is Us
**21.50** The Gifted
**22.35** Ray Donovan
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI Miami
**01.30** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**02.15** Chicago Med
**03.05** Bull
**03.50** Queen of the South
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

**907 1081 – 1.000 kr.**
**907 1083 – 3.000 kr.**
**907 1085 – 5.000 kr.**
**907 1090 – 10.000 kr.**



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation
































# Þekkir þú augun?

Hér sjáum við augu tuttugu og tveggja þjóðþekktra einstaklinga og til hliðar er listi yfir eigendur augnanna. Getur þú tengt augun við rétta eigendur? Rétt svör er að finna á blaðsíðu 22.

## Eigendur augnanna

1. **Herra Hnetusmjör,** rappari
2. **Ólafur Ragnar Grímsson,** fyrrverandi forseti Íslands
3. **Ásdís Rán,** þyrluflugmaður og fyrirsæta
4. **Aron Einar,** fótboltakappi
5. **Ragga Gísla,** söngkona
6. **Tinna Gunnlaugsdóttir,** leikkona
7. **Baltasar Kormákur,** leikstjóri
8. **Ómar Ragnarsson,** fjölmiðlamaður
9. **Ilmur Kristjánsdóttir,** leikkona
10. **Friðrika Hjördís,** fjölmiðlakona
11. **Inga Sæland,** stjórnmálakona
12. **Birgitta Hauktal,** tónlistakona
13. **Hrefna Sætran,** veitingamaður
14. **Þórunn Antonía,** tónlistarkona
15. **Ástþór Magnússon,** viðskiptamaður og fyrrverandi forsetaframbjóðandi
16. **Unnsteinn Manuel,** tónlistarmaður
17. **Erpur Eyvindarson,** rappari
18. **Gunnar Nelson,** bardagakappi
19. **Sara Björk Gunnarsdóttir,** fótboltakona
20. **Friðrik Þór Friðriksson,** leikstjóri
21. **Salka Sól Eyfeld,** söngkona
22. **Dagur B. Eggertsson,** borgarstjóri Reykjavíkur
















PHO VIETNAMESE

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.



Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

# Konungur klámfenginnar klúbbtónlistar mætir til landsins

DJ Assault gerði allt brjálað með laginu Ass-N-Titties seint á síðustu öld. Um er að ræða dansvænan óð til þess sem DJ Assault finnst með því mikilvægasta í lífinu. Og nú ætlar maðurinn að koma hingað til lands að trylla skemmtistaðinn Húrra með dúndrandi rassabassa.

Ghettotech nefnist senan sem DJ Assault kemur úr og varð hún til í Detroit sem ásamt Chicago er höfuðborg danstónlistar í Bandaríkjunum. Teknóið og house-ið varð til í þessum borgum og var síðan

**GHETTOTECH ER GRÍÐARLEGA HRÖÐ BASSATÓNLIST SEM ER UPPRUNNIN Í DETROIT-BORG.**

flutt til Evrópu þar sem tónlistarsenurnar lifa góðu lífi enn í dag. Sömuleiðis þegar ghettotech-senan sprakk út í kringum árið 2000 og fór úr neðanjarðarklúbbum Detroit-borgar til flestallra töff dansklúbba í Evrópu.

Lagið Ass-N-Tittes var stóri smellurinn, eiginlega eina lagið sem þeim, sem ekki hafa sökkt sér ofan í málið, dettur í hug þegar þau heyra orðið „ghettotech“ – ef þau þá vita almennt af því að það er það sem þessi einfalda, bassaríka og hraða danstónlistarstefna er kölluð.

Um er að ræða einskonar bræðing af Chicago house-tónlist, teknói Detroit-borgar, klámfengna, bassaríka og hraða frændanum Miami bass og svo má finna áhrif frá garage-tónlistinni bresku.

DJ Assault spilar á Húrra þann 9. mars. – **sþh**



Rassar munu hristast á Húrra í mars.



**Leikkonan Allison Janney klæddist svörtum og silfruðum kjól úr flaueli og satíni.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Klæddist umdeildum kjól á BAFTA

Leikkonan Allison Janney tók áhættu með klæðavali á BAFTA-verðlaunahátíðinni á sunnudaginn en hún klæddist kjól frá Bibhu Mohapatra. Kjóllinn er óneitanlega ansi nýstárlegur og óvenjulegur í sniðinu og hefur fengið misjöfn viðbrögð. Sumir tískusérfræðingar vilja meina að kjóllinn hafi verið einn sá flottasti á hátíðinni á meðan aðrir segja Janney eiga heima á lista yfir verst klæddu stjörnurnar á hátíðinni. En hvað sem hver segir um kjólinn þá hefur stílisti Janney, Tara Swennen, í það minnsta hlotið mikið lof undanfarið því leikkonan hefur þótt afar flott klædd upp á síðkastið.

Þess má geta að Janney hlaut verðlaun á BAFTA-hátíðinni fyrir aukahlutverk sitt í kvikmyndinni I, Tonya. – **gha**

## Jon Bon Jovi í vínbransann



Söngvarinn og leikarinn Jon Bon Jovi hefur látið lítið fyrir sér fara undanfarið en nýjustu fregnir af honum eru þær að hann er farinn í vínbransann með syni sínum, Jesse Bongiovi. Þeir feðgar eru komnir í samstarf við franska vínframleiðandann Gerard Bertrand og eru að gera rósavín en það mun vera uppáhaldsdrykkur Bon Jovi.

Vínið, sem hefur fengið nafnið Diving Into Hampton Water, kemur á markað í vor og íslenskir aðdáendur Bon Jovi verða bara að krossa fingur og vona að vínið fari í sölu hér á landi. – **gha**

Reykjavík, 20. febrúar 2018

Félag íslenskra náttúrufræðinga
Borgartúni 6
105 Reykjavík
sími: 595 5175
fin@bhm.is
www.fin.is

**Til ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur**
**Frá FÍN - Félagi íslenskra náttúrufræðinga**

**TAKK FYRIR EKKERT!**

Þrátt fyrir loforð um bætt vinnubrögð, hástemmdar yfirlýsingar um samvinnu og samtöl á vinnumarkaði, hefur ekkert gerst á þeim sex mánuðum sem liðnir eru frá því að viðræður FÍN við samninganefnd ríkisins um nýjan kjarasamning hófust. Líklega er samt of djúpt í árinni tekið að tala um viðræður þar sem samninganefnd ríkisins hefur aldrei viljað ræða efnislega neinar kröfur FÍN og þeim ætíð hafnað án umræðu. Samninganefnd ríkisins hefur aðeins ýtt yfir samningaborðið til okkar afleitum tilboðum sem mæta ekki á nokkurn hátt kröfum félagsins.

*Á sex mánaða afmæli árangurslausra samningafunda, þar sem aldrei hefur verið boðið upp á eiginlegar samningaviðræður, verðum við því hreinlega að segja;*
***Takk fyrir ekkert!***

**Vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem ríkir í kjaraviðræðum félagsins og ríkisins boðar FÍN til félagsfundar þann 1. mars n.k., kl. 14:00, að Borgartúni 6, 3. hæð. Boðið verður upp á kaffi og tímamótatertu. Allir félagsmenn FÍN sem starfa hjá ríkinu eru hvattir til að fjölmenna til fundarins.**

**Stjórn FÍN**

FÍN
Félag íslenskra náttúrufræðinga



Kiss er eitt stórkostlegasta tónleikaband sögunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ari Eldjárn sýnir á sér rokkhliðina

Grínistinn Ari Eldjárn verður gestur á tónleikum MEIK, ábreiðubands Kiss á Íslandi, á föstudag. Ari er mikill aðdáandi þó hann eigi langt í land með suma af meðlimum MEIK. Fyrsta plata sem hann eignaðist var með Kiss og er hann spenntur að fara í rokkgírinn.

„Þetta var fyrsta hljómsveitin sem ég byrjaði að hlusta á. Fyrsta platan sem ég eignaðist var einmitt með Kiss. Síðan kviknaði þessi hugmynd hvort ég vildi vera gestur hjá þeim og ég ætla að fá að koma,“ segir grínistinn Ari Eldjárn en hann mun spila með ábreiðubandinu MEIK á föstudag.

MEIK heldur þá tónleika á Hard Rock en hljómsveitarmeðlimir eiga það sameiginlegt að vera forfallnir aðdáendur KISS. „Þessir meistarar hafa haldið úti þessu8 stórkostlega ábreiðubandi í einhver ár og meira að segja fengið fyrrverandi gítarleikara Kiss, Bruce Kulick, til að spila með sér. Ég hef aldrei komist á tónleika en alltaf viljað fara og hlakka mikið til.“

Ari segist vera aðdáandi KISS sem hefur verið að gefa út plötur síðan 1974 þegar samnefnd plata kom út. „Ég er samt ekki jafn ofstopafullur og þessir menn. Þráinn Árni Baldvinsson á held ég stærsta Kiss-safn Íslands og þekkir framleiðslunúmer á plötum með Kiss.“

Meðlimir MEIK mála sig í fánalitum Kiss ef svo má segja en Ari getur ekki alveg farið þá leið. Hann er nefnilega að skemmta síðar um kvöldið. Atriðið verður óvænt og hefur Ari ekki ákveðið hvaða lag hann mun taka en úr nægu er að velja. „Ég lærði að meta Kiss af eldri bræðrum mínum. Það var mikið rætt um Kiss á heimilinu og það var mikill húmor fyrir sveitinni. Þetta er auðvitað stórskemmtileg hljómsveit á alla kanta.“

**benediktboas@365.is**



## KISS

**Stofnuð 1973**
**Núverandi meðlimir:**
***Paul Stanley, Gene Simmons, Tommy Thayer, Eric Singer***
**Seldar plötur:**
***Yfir 75 milljónir***

**Meðlimir MEIK**
**Magni Ásgeirsson - *söngur***
**Þráinn Árni Baldvinsson - *gítar***
**Einar Þór Jóhannsson - *gítar***
**Jón Elvar Hafsteinsson - *gítar***
**Eiður Arnarsson - *bassi***
**Jóhann Hjörleifsson - *trommur***

## NÓG AÐ GERA Í GRÍNINU

Ari er á leið til Ástralíu með sýningu sína, Pardon my Icelandic, þar sem hann mun troða upp fyrir gesti grínhátíðar í Melbourne. „Ég verð þar í mánuð. Ég fer fyrst til London með sýninguna í annað skipti. Það er nóg að gera í gríninu,“ segir hann og bendir á að uppselt er á sýningar Mið-Íslands hópsins. Það verður því stanslaus keyrsla fram í maí hjá Ara.

## Niðurstöður þrautar á blaðsíðu 20

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A 18 | D 3 | G 8 | J 2 | M 5 | P 22 | S 6 | V 12 |
| B 7 | E 11 | H 10 | K 4 | N 14 | Q 9 | T 13 | |
| C 16 | F 15 | I 1 | L 21 | O 20 | R 17 | U 19 | |

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*


NÚ ER VETUR Á ÍSLANDI

Njóttu þess að takast á við vetrarfærðina á bíl með drifi á öllum. Renndu við í dag og tryggðu þér einn góðan á enn betra verði.



www.bilaland.is




RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 53 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ: 3.490 þús. kr.




HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 03/17, ekinn 63 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ: 4.390 þús. kr.




NISSAN X-Trail Acenta 4wd
Nýskr. 06/16, ekinn 38 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ: 3.990 þús. kr.




LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 12/14, ekinn 109 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 7.590 þús. kr.




BMW X1 Xdrive 18d
Nýskr. 05/16, ekinn 66 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 4.290 þús. kr.




HYUNDAI IX35 Comfort
Nýskr. 07/15, ekinn 29 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 3.790 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM86775


BILLY
IDOL
LIVE!
LAUGARDALSHÖLL · 1. ÁGÚST
MIÐASALA HAFIN Á TIX.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



## Stormar í vatnsglösum

Einn stjórnmálaflokkur gefur sig út fyrir að vera lýðræðislegri en aðrir og ástunda vandaðri vinnubrögð en gengur og gerist í íslenskri pólitík. Það er flokkur Pírata. Flokkurinn gerir ríkar kröfur – í það minnsta til annarra – og útilokar gjarnan samstarf við þá sem ekki uppfylla þessar kröfur. Þetta, ásamt öðru, hefur valdið nokkrum vandræðagangi við myndun ríkisstjórna á Íslandi undanfarin ár, enda gerir íslenskt lýðræðisfyrirkomulag beinlínis ráð fyrir því að ólíkir stjórnmálaflokkar vinni saman.

Nú hefur fulltrúi Pírata í borgarstjórn gengið skrefinu lengra. Í tilefni af algjöru smámáli um setu Eyþórs Arnalds á fundi borgarstjóra með þingmönnum hefur Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi gert skriflega kröfu um að forsætisráðherra landsins tjái sig opinberlega um málið og að utanríkisráðherrann biðjist afsökunar á framferði sínu á fundinum. Verði ráðherrarnir tveir ekki við kröfum borgarfulltrúans mun hann ekki mæta á fleiri fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar, Vinstri-grænum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Það munar ekki um það. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna má prísa sig sælan að hafa sloppið við afarkosti borgarfulltrúans.

Svona dramatískar yfirlýsingar af litlu tilefni hljóta á endanum að einangra þá stjórnmálamenn sem þær gefa og vekja spurningar um hvort fólkið sem svona starfar geti nokkuð gengið að því vísu að aðrir vilji starfa með þeim sjálfum. Búmerangið kemur að lokum í hnakkann á þeim.

Það er einkenni frjáls og opins lýðræðisþjóðfélags að þar takast menn á og eru ósammála um markmið, leiðir og vinnubrögð. Sá sem sífellt hneykslast eða móðgast og lætur ágreininginn ekki aðeins koma í veg fyrir samstarf heldur einnig samtal, vinnur lýðræðinu ekki gagn heldur ógagn.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

SMÁRALIND
MANNSLÍKAMINN
15.-28. FEBRÚAR
Hvernig virkar minnið?

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
FERMINGAR tilboð
GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum

VALHÖLL
5 svæðaskipt heilsudýna
Pokagormakerfi, gæðabólstun.
Verð með botni og fótum.
90x200 cm
Verð aðeins kr. 69.900.-
100x200 cm
Verð aðeins kr. 72.900.-
120x200 cm
Verð aðeins kr. 79.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 89.900.-
153x203 cm
Verð aðeins kr. 99.900.-

SAGA / FREYJA
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
Verð með botni og fótum
120x200 cm
Verð aðeins kr. 109.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 129.900.-
153x203 cm
Verð aðeins kr. 134.900.-

Náttsloppar og sængurföt
Mikið úrval - Flottar fermingargjafir

Sængur og koddar - Mikið úrval
20% afsl.
Flott fermingargjöf
Heilsukoddar - Mikið úrval
Flott fermingargjöf

Memory Deluxe
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna
sem veitir fullkominn stuðning.
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Cool Memory efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með og fótum
120x200 cm
Verð aðeins kr. 109.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 129.900.-
160x200 cm
Verð aðeins kr. 139.900.-

Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum